



**Skýrsla samgönguráðherra  
um framkvæmd samgönguáætlunar 2008  
(siglingamálaáætlun)**

Reykjavík 2010



## Efnisyfirlit

<b>Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2008 (siglingamálaáætlun)</b> .....	5
Stefnumörkun stjórnvalda.....	5
Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar .....	5
<i>Leiðarljós</i> .....	5
<i>Hlutverk</i> .....	5
<i>Gildi</i> .....	5
<i>Framtíðarsýn</i> .....	5
<i>Meginmarkmið</i> .....	6
Fjármál.....	6
Rekstur og þjónusta .....	8
<i>Inngangur</i> .....	8
Yfirstjórn .....	8
<i>Skipulag</i> .....	8
<i>Hafnaráð</i> .....	8
<i>Siglingaráð</i> .....	8
<i>Innra skipulag og starfshættir</i> .....	9
Árangursstjórnunarsamningur .....	9
Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála .....	11
Alþjóðasamstarf.....	12
Upplýsingamiðlun.....	12
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi .....	13
Skipaefirlit .....	13
Fjöldi skipa og báta.....	14
Áhafnamál .....	14
Hafnarríkiseftirlit .....	15
Áætlun um öryggi sjófarenda .....	15
Hafnir, líkantilaunir og grunnkort .....	16
Rannsóknir og þróun.....	16
Rannsóknir sjóslysa .....	18
Minjavernd og saga.....	18
Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).....	18
Vaktstöð siglinga .....	19
Stofnkostnaður .....	19
Hafnir.....	19
Ríkisstyrktar hafnaframkvæmdir .....	19
Snæfellsbær.....	19
Grundarfjörður .....	20
Dalabyggð .....	20
Reykhólar.....	20
Vesturbyggð.....	21
Tálknafjörður .....	21
Bolungarvík .....	21
Ísafjarðarbær .....	21
Súðavík .....	22
Norðurfjörður.....	22
Hvammstangi .....	22
Skagaströnd.....	22
Skagafjörður .....	22
Fjallabyggð .....	22
Dalvík .....	23
Grímsey.....	23
Hafnasamband Norðurlands.....	23
Norðurþing.....	23
Langanesbyggð .....	24
Vopnafjörður.....	24
Seyðisfjörður.....	24
Fjarðabyggð .....	24
Djúpivogur.....	24
Höfn í Hornafirði .....	24

Landeyjahöfn .....	25
Vestmannaeyjaferja .....	25
Vestmannaeyjar .....	26
Þorlákshöfn .....	26
Grindavík .....	26
Óstyrkhæfar hafnaframkvæmdir .....	26
Faxaflóahafnir .....	26
Fjarðabyggð .....	27
Ferjubryggjur .....	27
Sjóvarnargarðar .....	27
Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða .....	29
Dalabyggð .....	29
Vesturbyggð .....	29
Strandabyggð .....	29
Töflur .....	30
I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2008 .....	30
II. Kostnaður við sjóvarnir 2008 .....	33
III. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2008 .....	34
IV. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2008 .....	35
V. Fjárveitingar til sjóvarna 2008 .....	35
VI. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 2008 .....	35

**Skýrsla samgönguráðherra  
um framkvæmd samgönguáætlunar 2008  
(siglingamálaáætlun).**

(Lögð fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009–2010.)

Með lögum nr. 71, 8. maí 2002, er mælt fyrir um samræmda áætlanagerð við framkvæmd og rekstur í samgöngumálum.

Annars vegar er gert ráð fyrir áætlun til 12 ára sem taki til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstrar stofnana, ásamt með því að skilgreina grunnkerfið og marka stefnu fyrir allar greinar samgangna. Áætlunina skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Árið 2007 var lögð fram á Alþingi ný slík áætlun fyrir árin 2007–2018 en hún var ekki samþykkt.

Hins vegar kveða löginn á um að 12 ára áætlunin sé nánar sundurliðuð í fjögurra ára tímabil með áætlun fyrir hvert ár þar sem fram komi ábyrgð og fjárheimildir stofnana samgöngumála sundurliðuðar eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi, eftir því sem við á, með sama hætti og fjárlögin. Þessa áætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Árið 2007 gekk í gildi ný fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010. Í lögnum er gert ráð fyrir að árlega sé lögð fram á Alþingi skýrsla um framkvæmd þessarar áætlunar næstliðið ár. Því er greinargerð þessi tekin saman.

**Stefnumörkun stjórnvalda.**

Í drögum að samgönguáætlun árána 2007–2018 eru, auk framkvæmdaáætlunar, sett fram og sérstaklega sundurliðuð eftirfarandi meginmarkmið:

- Um greiðari samgöngur (flytjanleika samgöngukerfisins).
- Um hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna.
- Um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.
- Um öryggi í samgöngum.
- Um jákvæða byggðapróun.

Í gildandi fjögurra ára áætlun sem nær til árána 2007–2010 er mælt fyrir um að unnið skuli að tilteknum rannsóknar-, úttektar- og stefnumótunarverkefnum er falla undir framangreind meginmarkmið, ásamt greinargerð um framkvæmdir þessara ára.

**Markmið og framtíðarsýn Siglingastofnunar.**

Á árinu 2005 var lokið við mótun framtíðarsýnar til næstu 5 ára og var hún og stuðnings-skjöl hennar, staðfest af yfirstjórn 18. apríl 2005 að lokinni kynningu í samgönguráðuneyti sem hornsteinar starfseminnar á komandi árum.

Stefnan er þessi:

*Leiðarljós*

Í örugga höfn.

*Hlutverk*

Siglingstofnun Íslands er framsækin þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strandsvæðum.

*Gildi*

Samvinna, þjónusta, frumkvæði og heilindi.

*Framtíðarsýn*

Siglingastofnun Íslands mun:

- Vinna að öryggi og aukinni velferð sjófarenda.
- Vinna að hagkvæmni í siglingum, sjávarútvegi og samgöngum.

- Reka öflugustu upplýsinga- og leiðsöguþjónustu á Norður-Atlantshafi.
- Starfa sem viðurkennd þekkingar- og rannsóknarmiðstöð á sviði siglinga- og hafnamála.
- Veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf á sérsviðum stofnunarinnar.
- Vera virkur þátttakandi í mótun heildarstefnu stjórnvalda um samgöngur, skip, hafnir, strandlengju og umhverfismál sjávar.
- Vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

#### *Meginmarkmið*

- Að veita viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu.
- Hafa á að skipa ánægðu og vel menntuðu starfslíði.
- Að byggja reksturinn á góðri nýtingu fjárheimilda, öflugri áætlanagerð og eftirfylgni.
- Að innra starf stofnunarinnar sé skilvirkt.
- Stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri hafna, leiðsögukerfa og annarrar öryggisþjónustu fyrir skip.
- Stuðla að því að lög og reglur um siglingamál tryggi sem best öryggi sjófarenda og séu jafnan í samræmi við samfélagsþarfir.
- Að sinna eftirlitshlutverki sínu með þrýði.
- Að vinna að rannsóknum og gagnaöflun á sérsviðum stofnunarinnar.
- Tryggja að alþjóðlegar reglur taki mið af íslenskum hagsmunum.

Til stuðnings framtíðarsýninni og til nánari leiðbeiningar í dagsins önn voru auk þess samþykkt eftirgreind stefnuskjöl:

- Starfsmannastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Siðareglur.
- Reksturs- og fjármálastefna.
- Innkaupastefna.
- Upplýsingastefna.
- Gæðastefna.
- Öryggisstefna.

#### **Fjármál.**

Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á tölum úr samgönguáætlun 2007–2010, tölum úr fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2008 og tölum úr reikningum Siglingastofnunar Íslands fyrir árið 2008. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	Samgönguáætlun 2007-2010 2008 *	Fjárheimildir 2008 **	Rauntölur 2008
<b>Tekjur og framlög</b>			
Markaðar tekjur			
Vitagjald	133,0	133,0	145,6
<b>Markaðar tekjur alls</b>	<b>133,0</b>	<b>133,0</b>	<b>145,6</b>
Framlag úr ríkissjóði	2.857,8	2.925,2	2.925,2
Aðrar ríkistekjur:			
Vottorð	1,3	1,3	1,8
Skoðunargjöld skipa	1,3	1,3	0,8
<b>Aðrar ríkistekjur alls:</b>	<b>2,6</b>	<b>2,6</b>	<b>2,6</b>
Sértekjur	175,5	175,5	291,3
<b>Tekjur og framlög alls:</b>	<b>3.168,9</b>	<b>3.236,3</b>	<b>3.364,7</b>
Viðskiptahreyfingar:			
Frá Hafnabótasjóði	11,8	0,0	0,0
<b>Til ráðstöfunar alls</b>	<b>3.180,0</b>	<b>3.236,3</b>	<b>3.364,7</b>
Rekstrargjöld:			
Hafnamál	23,0	29,0	5,9
Hafnir, líkantilaunir, grunnkort	52,0	53,5	19,7
Rekstur Hafnabótasjóðs	12,0	0,0	0,3
Siglingavernd	17,0	18,0	14,1
Siglingamál	68,0	71,0	74,6
Vitar og leiðsögukerfi	143,4	150,0	149,2
Vaktstöð siglinga	267,0	267,0	276,4
Skipaeftirlit	91,0	96,0	113,2
Hafnarríkiseftirlit	24,0	25,0	25,3
Rannsóknir og þróun	51,0	53,0	53,1
Áætlun um öryggi sjófarenda	22,0	22,0	20,8
Minjavernd og saga	5,0	5,0	13,2
Þjónustuverkefni	178,1	178,1	294,2
<b>Rekstrargjöld alls:</b>	<b>953,5</b>	<b>967,6</b>	<b>1.060,0</b>
Stofnkostnaður:			
Vitar og leiðsögukerfi	24,4	24,4	26,5
Hafnamannvirki	859,8	1.065,8	931,7
Lendingarbætur	7,3	8,8	1,4
Ferjubryggjur	9,4	23,4	33,2
Sjóvarnargarðar	125,2	125,2	93,0
Höfn í Bakkafjöru (Landeyjahöfn)	835,0	835,0	231,6
Stækkun tollaðstöðu á Seyðisfirði	62,3	82,3	68,9
Vestmannaeyjaferja	103,8	103,8	31,1
<b>Stofnkostnaður alls:</b>	<b>2.227,2</b>	<b>2.268,7</b>	<b>1.417,4</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>3.180,7</b>	<b>3.236,3</b>	<b>2.477,4</b>

\* Á verðlagi 2007

\*\* Samkvæmt fjárlögum 2008, fjáraukalögum 2008 og millifærslum 2008.

## Rekstur og þjónusta.

### *Inngangur.*

Siglingamálahluti samgönguáætlunar nær til allra verkefna er löggjafinn og samgönguráðuneytið hafa falið Siglingastofnun að annast en þau eru framkvæmdir í höfnum, sjóvarnir og öryggi sjófarenda. Þá er þar fjallað sérgreint um aðra starfsemi og rekstrarþætti sem áður komu lítt útskýrðir fram í almennum ákvæðum fjárlaga. Gildandi samgönguáætlun nær til árána 2007–2010, sbr. auglýsingu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 nr. 96/2007 og nr. 101/2008 í A-deild Stjórnartíðinda.

## Yfirstjórn.

### *Skipulag.*

Um stjórn, starfshætti og hlutverk Siglingastofnunar Íslands er fjallað í lögum nr. 6/1996. Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að vinna að hagsbótum sjófarenda og að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til siglinga og fiskveiða við landið. Um skipan og verkefni hafna- og siglingaráðs er fjallað í 4. og 5. gr. laganna annars vegar og 6. og 7. gr. hins vegar.

### *Hafnaráð*

Hafnaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í hafna- og sjóvarnamálum.

Hafnaráð fjallar um breytingar á lögum og reglum sem varða hafnamál, framkvæmda-áætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Eftir að ný ríkisstjórn tók við í maí 2007 sátu í hafnaráði:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefning</i>
Smári Geirsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Ólafur H. Kárason	skipaður án tilnefningar.
Sigríður Finsen	skipuð án tilnefningar.
Már Sveinbjörnsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Ólafur M. Kristinsson	skipaður skv. tilnefningu Hafnasambands sveitarfélaga.
Friðrik J. Arngrímsson	skipaður skv. tilnefningu Samtaka atvinnulífsins.

### *Siglingaráð.*

Siglingaráð er ráðgefandi aðili fyrir samgönguráðherra og siglingamálastjóra í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð fjallar um breytingar á lögum og reglugerðum sem varða siglinga- og vitamál. Eftir að ný ríkisstjórn tók við í maí 2007 sátu eftirtaldir fulltrúar í siglingaráði:

<i>Nafn</i>	<i>Tilnefning</i>
Guðmundur Hallvarðsson, formaður	skipaður án tilnefningar.
Hafþór Rósmundsson	skipaður án tilnefningar.
Ólafur Árnason	skipaður án tilnefningar.
Guðjón Ármann Einarsson	tilnefndur af FFSÍ.
Ingólfur Sverrisson	tilnefndur af Málmi.
Guðfinnur G. Johnsen	tilnefndur af LÍÚ.
Örn Pálsson	tilnefndur af Landssambandi smábátæigenda.
Signý Sigurðardóttir	tilnefnd af SVP.
Sævar Gunnarsson	tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
Hilmar Snorrason	tilnefndur af Slysavarnarfélagi Íslands.
Helgi Laxdal Magnússon	tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands.
Úlfur Hróbjartsson	tilnefndur af Samtökum skemmtibátæigenda.

*Innra skipulag og starfshættir.*

Í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2004 var í allnokkru máli gerð grein fyrir umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem hófst árið 2003. Stefnan var síðan staðfest á fundi yfirstjórnar 18. apríl 2005 að lokinni ítarlegri kynningu í samgönguráðuneyti og á starfsmannafundum. Þar eru staðfest þau gildi sem stofnunin og starfsmenn vilja standa fyrir og jafnframt mótuð framtíðarsýn og meginmarkmið. Jafnframt hafa stofnuninni og einstökum sviðum hennar verið sett skýr deilimarkmið sem lýst var ítarlega í greinargerð um framkvæmd siglingamálahluta samgönguáætlunar fyrir árið 2005.

Með þeim hætti var lagður vandaður grunnur að endurbótum á innra skipulagi og starfsháttum stofnunarinnar á næstu árum.

Fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar í árslok 2008 voru 69 auk þess sem allnokkur fjöldi lítur til með vitum í hlutastarfi og eru störfin alls 80 í ársverkum talið. Þá hefur sumarfólk verið ráðið til viðhalds á vitum landsins.

### **Árangursstjórnunarsamningur.**

Árangursstjórnunarsamningur Siglingastofnunar Íslands og samgönguráðuneytisins frá árinu 2000 var endurskoðaður og undirrituðu siglingamálastjóri og samgönguráðherra nýjan samning þann 9. desember 2005 sem gildir til ársloka 2009 og kemur í stað fyrri samnings um sama efni.

Árið 2008 var einstakt að því leytir að enginn lét lífið í sjóslysi á íslenskum skipum. Vegna náinna tengsla við hafið og mikilvægis sjósóknar frá upphafi, má þakka þennan einstakur árangur aukinni fræðslu sjómanna á undanförunum árum og betri öryggis- og björgunarbúnaði í skipum.

Á síðustu öld fórust í sjóslysum og drukknuðu í sjó, ám og vötnum yfir 4.000 manns samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Á síðari hluta aldarinnar fór banaslysum á sjó mjög fækkandi og sú þróun hefur haldið áfram það sem af er þessari öld.


Skýringar á þessum árangri eru margvíslegar. Skipakostur hefur batnað, öryggiskröfur til skipa hafa aukist en einnig hefur sjómönnum fækkað frá seinni hluta síðustu aldar. Undanfarin ár hefur vitund um mikilvægi fræðslu til sjómanna um slysavarnir eflst en það er ekki síst breyttu hugarfari sjómanna sem ber að þakka þessa ánægjulegu þróun.

Í gildandi árangursstjórnunarsamningi setur samgönguráðuneytið stofnuninni þessi meginmarkmið:

**Aukið öryggi og hagkvæmni í siglingum.**

**Stefnt verður að því að dauðaslysum á sjó fækki enn frekar.**

## Dauðaslys - Meðaltal á 3 ára tímabilum




Staða: Árið 2008 var án dauðaslysa á sjó, markmiðinu náð.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2007–2010 í kafla um áætlun um öryggi sjófarenda á bls. 82–85 er á mynd 2 að finna yfirlit um dauðaslys á sjó – banaslys – tekin saman í þriggja ára tímabil fyrir árin 1964 til ársins 2006 ásamt fjölda slysa miðað við 10 þúsund sjómenn. Í kaflanum um mælanleg undirmarkmið er að finna markmið 1, markmið 2 og markmið 3.

Allur samanburður við aðrar þjóðir er erfiður. Ef miðað er við sama fjölda sjómanna á Íslandi, í Danmörku og í Noregi fyrir árin 1998–2007 þá voru dauðaslys hér á landi 2,0, í Danmörku 5,8 og Noregi 4,3.

**Stefnt verður að því að skipssköðum fækki enn frekar.**

## Fiskiskip farast- Meðaltal á 3 ára tímabilum




Staða: Samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar sjóslysa fyrir árin 2004-2005 hafa margir skips-skaðar átt sér stað vegna óþekkts leka. Í samræmi við tillögu nefndarinnar í öryggisátt hófst á Siglingastofnun rannsóknarverkefni um vatnsþéttleika í skipum. Verkefninu lauk með útgáfu greinargerðar í lok árs 2006 þar sem þetta vandamál er brotið til mergjar og tillögur að úrbótum lagðar fram.

Samkvæmt upplýsingum frá rannsóknarnefnd sjóslysa mun í raun ekkert skip hafa farist í þeim skilningi að hafa tapast heldur hafa skip einungis sokkið.

**Stefnt verður að fækkun alvarlegra slysa hjá sjómönnum og að þau verði færri með hverju ári.**

### Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar - Meðaltal á 3 ára tímabilum



Staða: Á heimasíðu Siglingastofnunar ([www.sigling.is](http://www.sigling.is)) má finna afgreiðslu Siglingastofnunar á tillögum rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt. Einnig birti rannsóknarnefndin afgreiðslu sem og hreyfilista sem stofnunin vinnur eftir í skýrslu sinni fyrir árið 2006.

Breyting hefur orðið á tilkynningum um slys um borð í fiskiskipum. Sjómenn sem orðið hafa fyrir slysum geta skráð slysið hjá tryggingafélagi en ekki einungis hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það er verkefni Slysaskrár Íslands að taka saman þessar skráningar og eftir því sem best er vitað er sú vinna hafin. Þessu framtaki ber að fagna því nauðsynlegt er að upplýsingar um slys á sjómönnum verði að finna á einum stað.

Til að fyrirbyggja slys um borð í skipum er nauðsynlegt að í hverju skipi verði kerfi sem heldur utan um slysaskráningu og eftirfylgni. Siglingastofnun hefur í samstarfi við verkefnisstjórn áætlunar um öryggi sjófarenda hafið verkefni um öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum. Fyrsta stig þessa verkefnis er öryggishandbók þar sem leitast verður við að yfirfæra ISM kóðann (International Safety Management Code) yfir á fiskiskip. Öryggisstjórnun um borð í fiskiskipum er eitt helsta verkefnið í öryggisátt og í samræmi við samgönguáætlun 2007–2010.

### Undirbúningur laga og reglugerða á sviði siglingamála.

Á Siglingastofnun er unnið að gerð og breytingum ýmissa reglugerða á sviði siglingamála. Hér á eftir er listi yfir reglugerðir og gjaldskrár sem settar voru um siglingamál á árinu 2008.

#### Reglugerðir:

Reglugerð um hönnun olúflutningaskipa, nr. 1110/2008.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna, nr. 880/2001 með síðari breytingum, nr. 1045/2008.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 53/2000, nr. 956/2008.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd, nr. 122/2004, nr. 955/2008.

Reglur um farmvernd, nr. 929/2008.

Reglugerð um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á björgunarskipum, nr. 555/2008.

Reglugerð um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi, nr. 524/2008.

Reglugerð um breytingu á reglugerð um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, nr. 521/2008.

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 416/2003, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 438/2008.

Reglur um próf til skemmtibátaskírteinis, nr. 393/2008

Reglugerð um framkvæmd siglingaverndar, nr. 265/2008.

Reglugerð um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum, nr. 175/2008, ásamt breytingu nr. 535/2008.

### **Hafnarreglugerðir:**

Hafnarreglugerð fyrir Miðsandshöfn, Hvalfjarðarsveit, nr. 1111/2008

Hafnarreglugerð fyrir Dalvíkurhafnir, nr. 244/2008

### **Gjaldskrár hafna:**

Gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Breiðdalshrepps, nr. 415/2008.

### **Alþjóðasamstarf.**

Siglingastofnun tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi, m.a. á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (Paris MOU), Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA), Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Evrópusambandsins (ESB), sérfræðinganevnd ESB og EES um öryggismál á sjó (COSS), Norðurlandasamstarfs, alþjóðasamtaka í hafnamálum (PIANC), alþjóðasamtaka vitastofnana (IALA) og víðar. Á heimasíðu Siglingastofnunar má nálgast upplýsingar um þetta alþjóðasamstarf og greinargerðir frá fundum sem starfsmenn stofnunarinnar hafa sótt.

Um annað alþjóðasamstarf vísast til kaflanna um hafnarríkiseftirlit og siglingavernd.

### **Upplýsingamiðlun.**

Siglingastofnun Íslands leggur áherslu á markvissa miðlun upplýsinga og greiðan aðgang að gagnasöfnum stofnunarinnar. Því hefur stofnunin sett sér upplýsingastefnu og verklagsreglur þar sem lagðar eru meginlínur um söfnun og miðlun hvers kyns efnis er varðar rekstur hennar.

Vefur stofnunarinnar, [www.sigling.is](http://www.sigling.is), og fréttabréfið *Til sjávar*, mynda kjarnann í upplýsingastarfseminni. Þrjú tölublöð fréttabréfsins komu út árið 2008. Því er dreift án endurgjalds til allra skráðra skipa og báta, útgerða, hafna, sveitarfélaga, alþingismanna og margra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Í blaðinu eru greinar og fréttir um hið helsta sem gerst hefur á vettvangi stofnunarinnar.

Heimasíða Siglingastofnunar, sem var endurnýjuð á árinu, er mikill fréttá- og upplýsingabanki auk þess að vera samskiptavettvangur stofnunarinnar og viðskiptavina hennar. Þar má meðal annars finna laga- og reglugerðaskrá, skrár um útgefið efni, gjaldskrár, rafræn eyðublöð og upplýsingar um veður og sjólag.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag byggist á afar víðfeðmu gagnasafni sem þróast hefur og eflst undanfarin ár. Söfnun sértækra upplýsinga með ölduduflum og tenging þeirra við veðurfræðileg gögn frá Veðurstofu Íslands ásamt áralöngum athugunum á sambandi vinda og sjávarfalla, hafa gert stofnuninni kleift að byggja upp þetta safn sem síðan nýtist til að veita fiskimönnum og öðrum sæfarendum við Íslandsstrendur rauntímaupplýsingar um veðurfar og sjólag. Sú vitneskja sem veðurkerfið veitir kemur einnig að góðum notum við hönnun hafnarmannvirkja, ákvörðun siglingaleiða og skyldra atriða.

Siglingastofnun heldur rafræna skrá yfir sérhvert fljótandi far sem er yfir 6 metrar á lengd eða stærra, mælt stafna á milli. Skráin hefur að geyma margvíslegar upplýsingar um flota landsmanna og nýtist í margs konar tilgangi svo sem við eftirlit með öryggi skipa, sem eigendaskrá, við úthlutun fiskveiðiheimilda o.fl. Skrána er að finna á vefsíðu stofnunarinnar.

Af öðrum gagnasöfnum má nefna afar ítarlegt og margþætt safn teikninga, mælingakorta og annarra grunngagna sem til hafa orðið vegna starfsemi stofnunarinnar við hönnun, ráðgjöf og eftirlit með hafnarmannvirkjum. Sama á við um skip og báta. Hér er um merkileg söfn að ræða, af fleiri en einni ástæðu, sem sótt er í af hafnarstjórnnum, skipaeigendum, sagnfræðingum o.fl.

Loks skal getið bókasafns stofnunarinnar, en þar er skipulega safnað saman ritum sem gagnast stofnuninni. Safnið er skráð og tengt Gegni, Landskerfi bókasafna, og er þannig aðgengilegt öllum þeim er leita vilja tiltekinna fræðirita, auk þess sem starfsmenn geta með nútímalegum hætti kannað hvað er að finna í öðrum sérsöfnum og fengið þaðan lánaðar bækur. Einnig stendur starfsmönnum til boða að notfæra sér þjónustu hvar.is á vefnum þar sem gert er aðgengilegt mikið safn heimilda- og gangasafna frá stærstu tímarita- og gagnasafnsútgefendum í heiminum. Ísland eitt landa gefur öllum íbúum sínum kost á þessari þjónustu án endurgjalds fyrir notendur.

### **Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi.**

Hefðbundið viðfangsefni rekstrarsviðs Siglingastofnunar er rekstur landsvitakerfisins en einnig tæknileg aðstoð við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Stofnunin rekur einnig leiðsögu-, upplýsinga- og eftirlitskerfi fyrir siglingar svo sem upplýsingakerfi um veður og sjólag, GPS leiðréttingakerfi (DGPS) og sjálfvirkt auðkennikerfi skipa, AIS.

Sjálfvirku auðkennikerfi skipa (AIS - Automatic Identification System) var komið á samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/59 sem lögin um vaktstöð siglinga byggjast á. AIS-kerfið er hluti af rafrænu tilkynningakerfi um siglingar skipa sem aðildarríki Efnahagsbandalagsins auk Noregs og Íslands eru aðilar að. Kerfi þetta nefnist *SafeSeaNet*. Á árinu var unnið að þéttingu AIS kerfisins og settar upp átta stöðvar til viðbótar þeim sem fyrir voru. Alls voru því 23 landstöðvar komnar upp í árslok 2008. Eftir er að þetta kerfið inn til landsins þannig að hafnir sem eru við firði, sérstaklega austan- og vestanlands séu innan kerfisins. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).

Til reksturs vita- og leiðsögukerfa, þ.m.t. rekstur AIS-kerfisins, fær Siglingastofnun til ráðstöfunar vitagjald sem er sérstakur skattur sem samkvæmt vitalögum er lagður á íslensk og erlend skip sem taka íslenska höfn. Upphæð gjaldsins tekur mið af brúttótonnatölu skipsins. Af þessu fé er einnig kostaður rekstur upplýsingakerfisins um veður og sjólag.

Viðhald og eftirlit Siglingastofnunar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með rafbúnaði annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum.

Á árinu 2008 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Siglingastofnunar sinntu almennu viðhaldi á 30 vitabyggingum og fóru í 87 vita til eftirlits, viðhalds og endurnýjunar ljós- og rafbúnaðar.

Upplýsingakerfi Siglingastofnunar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið á klukkustundar fresti. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef stofnunarinnar og í símsvara en einnig má nálgast upplýsingar frá öldudufnum á textavarp. Nú eru alls 10 öldudufur í rekstri með ströndum fram.

### **Skipaeftirlit.**

Siglingastofnun ber stjórnvaldslega ábyrgð á framkvæmd skipaeftirlits en tæknilegt eftirlit er í höndum faggiltra skoðunarstofa skipa. Í árslok 2008 voru þrjár skoðunarstofur skipa starfandi.

Siglingastofnun sinnir eftirliti með óflokkuðum skipum sem skoðunarstofum er óheimilt að skoða, framkvæmir upphafsskoðun á nýsmíði, breytingum og innflutningi á skipum, sinnir markaðseftirliti með skemmtibátum og skipsbúnaði, sér um útgáfu skipsskírteina og útgáfu og uppfærslu á skoðunarhandbókum sem skoðunarstofur nota við vinnu sína. Jafnframt sér Siglingastofnun um yfirferð og samþykkt á teikningum og öðrum gögnum vegna nýsmíði og breytinga skipa, þ.m.t. yfirferð stöðugleikagagna og skipamælinga. Á árinu 2008 fór fram

mikil vinna vegna nýlegrar reglugerðar um skoðanir skemmtibáta, þar með talin endurskoðun og útgáfa skoðunarhandbókar fyrir skemmtibátæigendur, gerð leiðbeininga um skoðanir á þrómmum og úttektir á starfsemi bátaleiga og flúðasiglinga svo eitthvað sé nefnt.

Siglingastofnun hefur eftirlit með starfsemi faggiltra skoðunarstofna, viðurkenndra flokkunarfélaga og annarra starfsleyfishafa og framkvæmir skyndiskoðanir í skipum sem skoðunarstofur og flokkunarfélög hafa skoðað.

*Skoðunaraðilar*

<b>Skoðunaraðili</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>
Skoðunarstofur		2.165	2.160	2.135	2155
Siglingastofnun Íslands	2.211	31	32	38	31
Bureau Veritas (BV)	9	8	8	6	7
Germanischer Lloyd (GL)	7	6	6	7	6
Lloyd's Register of Shipping (LR)	56	53	49	47	48
Det Norske Veritas (NV)	82	81	76	76	76
<b>Samtals</b>	<b>2.365</b>	<b>2.344</b>	<b>2.311</b>	<b>2.309</b>	<b>2.323</b>

**Fjöldi skipa og báta.**

Skipum á íslenskri aðalskipaskrá hefur fækkað um 55 frá 31. desember 2007. Á því ári voru frumskráð og endurskráð skip 47 en afskráð skip voru 102. Fækkun skipa á aðalskipaskrá stafar meðal annars af því að nokkur skip sem ekki höfðu verið í notkun um langt árabil voru tekin af skrá og eitthvað var um að skip væru seld til útlanda í brotajárn.

Þann 1. janúar 2009 voru samtals 1.072 þilfarsskip á skrá og brúttótonnatala þeirra var 201.641. Opnir bátar voru samtals 1196 og brúttótonnatala þeirra var 7.123. Heildar brúttótonnatala skipastólsins hefur minnkað um 16.471 tonn.

Á þurrleiguskrá er eitt skip, Kristina EA-410, 7.682 brúttótonn, sem er flaggað út til Belize.

Hér gefur að líta töflu yfir þróun skipastólsins undanfarin ár:

*Tafla um fjölda skráðra skipa og heildarstærð skipastólsins 2003-2009:*

<b>Fjöldi og stærð skipa 1. janúar hvers árs</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>
<b>Þilfarsskip</b>	1.135	1.128	1.135	1.128	1.128	1.123	1.072
Brúttótonn	235.776	226.081	230.881	219.934	219.180	218.129	201.641
<b>Opnir bátar</b>	1.273	1.237	1.209	1.183	1.181	1.200	1.196
Brúttótonn	7.473	7.322	7.199	7.020	7.014	7.106	7.123
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>2.408</b>	<b>2.365</b>	<b>2.344</b>	<b>2.311</b>	<b>2.309</b>	<b>2.323</b>	<b>2.268</b>
<b>Heildarbrúttótonnatala</b>	<b>243.249</b>	<b>233.403</b>	<b>238.081</b>	<b>226.954</b>	<b>226.194</b>	<b>225.235</b>	<b>208.764</b>

**Áhafnamál og skírteini.**

Af öðrum verkefnum á sviði skipamála má nefna útgáfu alþjóðlegra atvinnuskírteina (STCW), þjónustu við mönnunarnefnd fiskiskipa og undanþágunefnd sjómanna og undirbúning og kynningu á laga- og reglugerðasetningu. Um alþjóðasamstarf á sviði siglingamála vísast í kaflann um alþjóðasamstarf.

Á árinu 2008 voru gefin út alþjóðleg atvinnuskírteini (STCW) fyrir 103 einstaklinga, 15 skírteini fyrir atvinnukafara, 8 hafnsögumannsskírteini og 8 skírteini fyrir leiðsögumenn. Siglingastofnun gaf einnig út um 60 starfsleyfi til farþegaflutninga, 6 starfsleyfi fyrir bátaleigur og þrjú leyfi til að stunda flúðasiglingar.

Frá og með 1. janúar 2008 tók Siglingastofnun við útgáfu allra íslenskra atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, en fram til þess tíma var það á hendi sýslumanna og Tollstjórans í Reykjavík að gefa út slík skírteini. Á árinu 2008 voru gefin út 1300 slík atvinnuskírteini. Frá og með 1. janúar 2008 urðu skipstjórar á skemmtibátum að vera handhafar sérstaks skipstjórnarskírteinis og voru 100 slík skírteini gefin út af Siglingastofnun árið 2008.

### Hafnarríkiseftirlit.

Í samræmi við ákvæði Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit og ákvæði í ýmsum öðrum alþjóðasamþykktum, sem Ísland á aðild að, var að venju haft eftirlit með erlendum flutninga- og farþegaskipum sem hingað komu.

Markmiðið með eftirlitinu er að draga úr siglingum svokallaðra undirmálsskipa og hefur þeim fækkað til muna eftir að farið var að banna skipum að koma til hafnar í aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins hafi þau ítrekað verið stöðvuð við fyrri skoðanir.

Farið var í eina skoðunarherferð á vegum hafnarríkiseftirlitsins vegna öryggis í siglingum (e. safety of navigation) og stóð hún frá 1. sept. - 30. nóv. 2008.

Tilkynnt var um komur 392 erlendra skipa til Íslands, sem er um 7% fjölgun frá árinu 2007. Mörg þessara skipa komu oftast en einu sinni til landsins. Af þessum skipum voru 103 skoðuð eða um 27%. Skipin 103 sem voru skoðuð komu frá 26 þjóðlöndum. Flest voru skipin frá Bahamaeyjum eða 19 og næstflest frá Antígva eða 12.

Farbann var lagt á eitt skip, 81 athugasemd var gerð og teknar út 277 athugasemdir sem gerðar voru af öðrum aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins.

### Áætlun um öryggi sjófarenda.

Markmið áætlunar um öryggi sjófarenda er meðal annars að treysta öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra sem og farþega á íslenskum skipum og skipum sem sigla í íslenskri efnahagslögsögu, fækka slysum á sjó og draga úr tjóni vegna þeirra. Helstu verkefni áætlunar um öryggi sjófarenda eru menntun og þjálfun sjómanna, fræðsluefni og miðlun upplýsinga, öryggisstjórnun um borð í skipum og rannsókn- og þróunarverkefni.

Siglingastofnun annast framkvæmd áætlunarinnar í samstarfi við verkefnisstjórn en í henni eiga sæti fulltrúar stéttarfélagasjómannanna, samtaka útgerða, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslu og samgönguráðuneytis.

Bókin „Leiðastjórnun skipa“ eftir Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrverandi skólameistara Stýrimannaskólans í Reykjavík kom út á árinu. Bókin er bæði hugsuð sem kennslubók fyrir verðandi sjómenn og handbók um borð í skipum fyrir skipstjórnarmenn. Einnig var gefin út bókin „Heilsuvernd sjómanna“ eftir Kristinn Sigvaldason yfirlækni. Bókin er hugsuð sem forvörn fyrir sjómenn, hvernig þeir búa sig undir sjóferðir og hvað ber að varast þegar dvalið er um lengri tíma um borð í skipum. Einnig er þar að finna gagnlegar upplýsingar um almennt heilsufar og mataræði. Haldið var áfram með þýðingu handbókar um eldvarnir í skipum og ritun handbókar fyrir áhafnir fiskiskipa.

Í tengslum við sjómannadaginn í byrjun júní stóð verkefnisstjórnin fyrir fræðsluáttaki um verkefni áætlunarinnar með því að auglýsa áætlunina í sjómannadagsblöðum á hinum ýmsu stöðum á landinu sem og að taka þátt í sýningu á Miðbakka Reykjavíkurhafnar.

Verkefni sem tengist innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis um borð í fiskiskip var sett af stað. Hér var skoðað með hvaða hætti nýta mætti ISM kóðann sem undirstöðu fyrir öryggisstjórnunarkerfi um borð í stóru fiskiskipi frá útgerðarfélaginu HB Granda.

Prentuð voru veggspjöld úr varanlegu efni með leiðbeiningum um hífingar og veittur var styrkur vegna rannsóknaverkefnis sem tekur á loftgæðum í skipum og hreinsun olíugufu úr vélarúrum skipa.

### Dauðaslys á fiskiskipum 1997–2008.

Skipsstærð / ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Skip <12 m	2	1	2	1				1			3	
Skip 12-24 m					3	2						
Skip >24 m					4			1	1	2	1	
Samtals	2	1	2	1	7	2	1 <sup>1</sup>	2	1	2	4	

<sup>1</sup> Skipverji druknar á óskræðum þangskurðarpramma.

**Fiskiskip sem fórust 1997–2008.**

Skipsstærð / ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Skip <12 m	6	3	3	8			4	3	3			1
Skip 12-24 m	1			1	1	3		4	1	1		
Skip >24 m	2			1	2	1	3	1				
Samtals	9	3	3	10	3	4	7	8	4	1		1

**Tilkynnt slys til Tryggingastofnunar 1997–2008.**

Ár	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi	460	378	381	361	348	413	379	309	366	266	423	290

**Hafnir, líkantilraunir og grunnkort.**

Á vegum Siglingastofnunar er á hverju ári unnið að rannsóknum á sviði hafna, líkantilrauna og grunnkorta. Með rannsóknum er átt við gerð grunnkorta af höfnum, líkantilraunir og rannsóknir sem tengjast beint ákveðnum framkvæmdum í höfnum. Á árinu 2008 var unnið við tvö líkön í líkanstöð Siglingastofnunar. Lokið var við líkan af Helguvíkurböfn snemma árs 2008 þar sem unnið var með tillögur að stækkun hafnarinnar með nýjum kanti fyrir álver. Liður í rannsóknum á stóriðjuhöfn við Húsavík var bygging líkans af höfninni og hafsvæðinu norðan hafnarinnar þar sem vænlegast er að koma fyrir stóriðjuhöfn. Samhliða líkantilraunum var unnið með reiknilíkon til að ákvarða hönnunarforsendur utan hafnar og reikna öldur og sog innan hafnar.

Unnið var að rannsóknum og tillögugerð sem tengjast skipulagi fyrir Ólafsfjörð og Þorlákshöfn, jafnframt því sem vinna hófst við að kanna möguleika á stórskiphöfn í Vestmannaeyjum utan Eiðis. Þá var unnið að verkefni sem fólst í því að kortleggja möguleika á stóriðjuhöfnum úr frá landfræðilegum og hafnartæknilegum forsendum.

Grunnkort hafna voru uppfærð, sett í samræmt hnitakerfi, ISN-93, nýjustu dýptarmælingar settar saman og ný hafnarmannvirki færð inn á grunna.

Hafnasvið fær til umsagnar frá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og aðilum á þeirra vegum ýmis skipulagsmál á hafnarvæðum og vegna byggðar á strandsvæðum.

Unnið var að rannsóknum á brimvarnargörðum í íslensku og erlendu samstarfi, m.a. með þátttöku í alþjóðlegum vinnuhópi á vegum PIANC sem hefur það að markmiði að bera saman kostnað við mismunandi gerðir brimvarnargarða og finna hagkvæmustu áhættu við ákvörðun á hönnunarálagi. Á árinu voru birtar þrjár greinar um bermugarða á alþjóðlegum strandverkfræðiráðstefnum. Á ráðstefnunni *COPEDEC 2008* var birt greinin „*The Icelandic-type Berm Breakwater for Large Design Wave Heights*”, á *PIANC-AGA 2008* greinin „*The Icelandic-type Berm Breakwater – breaking the 8.0 m significant wave height limit*” og á *ICCE 2008* greinin „*Berm Recession of the Icelandic-type Berm Breakwater*”.

**Rannsóknir og þróun.**

Heildarkostnaður rannsóknar- og þróunarsviðs Siglingastofnunar Íslands var 77,2 millj. kr. árið 2008 og þar af um 20,8 millj. kr. í áætlun um öryggi sjófarenda. Með rannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð.

Unnið var að öldufarsreikningum fyrir Húsavík vegna líkantilrauna. Gerðir voru öldufarsreikningar fyrir Kollafjörð og Hvalfjörð til að meta strandrof vegna efnistöku í sjó fyrir Björgun ehf. Unnið var áfram að rannsóknum á öldufari og efnisburði við Bakkafjöru. Gerðar voru öldufarsrannsóknir fyrir Gunnólfsvík vegna hugsanlegrar aðstöðu fyrir olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Unnið var að öldufarsrannsóknum vegna strandrofs við Vík í Mýrdal og undirbúningur hafinn fyrir öldufarsreikninga vegna strandrofs við Breiðamerkurlón og hugsanlegrar nýrrar innsiglingar um Hornafjarðarós.

Ennfremur var unnið að ýmsum undirstöðurrannsóknum á öldufari við landið og ráðstefnan ICCE2008 sótt í Hamborg. Heildarkostnaður vegna hafna- og strandrannsóknar árið 2008 var 11,6 millj. kr.

Þróun upplýsingakerfisins um veður og sjólag var haldið áfram. Á árinu var spásvæðið fyrir veður og sjólag stækkað og nær nú yfir Norður-Atlantshaf og Barentshaf. Í tengslum við auknar siglingar olíuskipa innan efnahagslögsögu Íslands var unnið að úrvinnslu á veður- og öldugögnum fyrir Norður-Atlantshaf á Drekasvæðinu vegna fyrirhugaðrar olíuleitar. Siglingastofnun hefur tekið þátt í starfi vinnuhóps Norðurskautsráðsins við áhættumat siglinga á norðurslóðum, AMSA (Arctic Marine Shipping Assessment) sem er á vegum starfshóps ráðsins um verndun hafsvæða norðursins, PAME (Protection of the Arctic Marine Environment) sem Siglingastofnun tekur einnig þátt í.

Haldið var áfram að mæla sjávarföll á landgrunninu í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) og háskóla til að kvarða betur sjávarfallalíkan Siglingastofnunar. Lokið var að gerð hafslíkans og það kvarðað við raunverulegt rek hafiss út af Vestfjörðum og Norðurlandi. Verkefnið var meistararitgerð starfsmanns rannsóknasviðs Siglingastofnunar við Háskóla Íslands.

Siglingastofnun tók þátt í vinnu við gerð skýrslu vísindanefndar um hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Ísland. Með þessari skýrslu var lagður grunnur að könnun á sjávarflóðum og rannsóknum á hækkun sjávarborðs vegna veðurfarsbreytinga. Heildarkostnaður við umhverfisrannsóknir árið 2008 var 20,4 millj. kr.

Áhersla var lögð á lögbundna afgreiðslu tillagna rannsóknarnefndar sjóslysa í öryggisátt þar sem Siglingastofnun vinnur úr þeim tillögum.

Lokið var við rannsóknir á hávaða um borð í skipum. Niðurstöður rannsóknaverkefnisins verða gefnar út þegar úrvinnslu líkur.

Hafin var vinna við rannsóknir á sjóveiki um borð á Herjólfri og Sturlunni frá Grindavík. Settur var upp hreyfímælíbúnaður um borð í þessum skipum sem mæla hreyfingar og hröðun skipanna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Læknadeild Háskóla Íslands.

Haldið var áfram með rannsóknir á loftgæðum um borð í skipum, ofhleðslu smábáta og loftflæði til aðalvéla.

Hafið var verkefni um umhverfisvæna orkugjafa þar sem meðal annars var skoðað hvort rækta megi vetrarrepju hér á landi til bíódísilsframleiðslu. Einnig var hafið verkefni um afgashreinsun skipavéla þar sem skoðaðir eru möguleikar á að hreinsa afgasið af koltvísýringi, sóti, brennisteini o.fl. Heildarkostnaður vegna skiparannsókna árið 2008 var 24,4 millj. kr.

#### Kostnaður við rannsóknarverkefni 2008.

	Millj. kr.
Almennar rannsóknir, óskipt	1,8
Stjórnvaldsverkefni	3,6
Strandrannsóknir, óskipt	0,6
Gunnólfsvík - öldufarsrannsóknir	2,5
Rannsóknir á rofi í Vík í Mýrdal	2,7
Rannsóknir á ferjulægi við Bakkafjöru	4,8
Umhverfisrannsóknir, óskipt	0,0
Veðurlíkan	0,8
Undirstöðurannsóknir á sjólagi	6,1
Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	4,2
Reiknilíkan fyrir sjávarflóð	2,3
Sjávarborðsmælingar	1,1
Könnun á sjávarflóðum	0,6
Rannsóknir á rek hafiss	3,1
Skiparannsóknir, óskipt	0,3
<i>Northern Periphery Programme</i>	0,2
Norðausturleið (PAME og AMSA)	3,5
Rannsóknir og skipatækni	2,6
Hröðunarmælingar í skipum	0,7
Hreyfímælingar í skipum	0,9
Loftgæði í skipum	1,6
Afgashreinsun í skipum	5,4
Umhverfisvænir orkugjafar í skipum	7,0
<b>Samtals</b>	<b>56,4</b>

### **Rannsóknir sjóslysa.**

Samkvæmt lögum um rannsóknir sjóslysa, nr. 68/2000, er það m.a. hlutverk Siglingastofnunar að taka til formlegrar afgreiðslu tillögur rannsóknarnefndar sjóslysa til úrbóta í öryggismálum á sjó og gera henni grein fyrir þeim úrbótum sem gerðar hafa verið. Þá ber Siglingastofnun, samkvæmt reglugerð nr. 133/2002, að eiga frumkvæði að sérstökum aðgerðum séu þær taldar nauðsynlegar.

Eftirfarandi mál voru formleg afgreidd til rannsóknarnefndar sjóslysa á árinu 2008:

*Nr. 074/07 (Birtingur NK-119 (sknr. 2329), skipverji slasast við fall).*

*Nr. 160/07 (Særif SH-25 (sknr. 2657), skipið varð stjórnvana og dregið til lands).*

Afgreiðslu mála til rannsóknarnefndarinnar má finna á vefsíðu Siglingastofnunar, [www.sigling.is](http://www.sigling.is).

### **Minjavernd og saga.**

Unnið var að ritun sögu hafnargerðar á Íslandi á vegum Siglingastofnunar árið 2008. Verkið er viðamikili en er á lokastigi.

Víkin – Sjóminjasafn Reykjavíkur hefur samþykkt að varðveita minjar og muni frá stofnuninni.

### **Siglingavernd (skipa- og hafnavernd).**

Lög um siglingavernd, nr. 50/2004, tóku gildi þann 14. júní 2004 og komu til framkvæmda 1. júlí 2004. Markmið með siglingavernd er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmatum aðgerðum.

Ný reglugerð um framkvæmd siglingaverndar nr. 265/2008 var gefin út og tók gildi á árinu.

Árið 2008 voru 33 vottaðar hafnir með hafnaraðstöður á 77 stöðum á Íslandi. Siglingastofnun tók út 9 hafnir og 23 hafnaraðstöður á árinu. Ekkert skip var skráð á Íslandi árið 2008 sem þarf að uppfylla kröfur um siglingavernd.

Í samstarfi við aðrar stofnanir hélt Siglingastofnun fjögur námskeið fyrir starfsmenn hafna og fyrirtækja. Alls hafa rúmlega 100 manns hlotið tilnefningu sem verndarfulltrúar og hlotið þjálfun sem slíkir. Rúmlega 700 manns hafa sótt hafnargæslunámskeið á vegum Siglingastofnunar. Jafnframt var Siglingastofnun með fræðslu og námskeið í samstarfi við viðeigandi stofnanir s.s. Tollstjóraembættið um hafnarvernd og hafnargæslu.

Siglingastofnun tók þátt í fundum og alþjóðlegu samstarfi vegna siglingaverndar, m.a. hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni, Evrópusambandinu og á Norðurlandafundum þar sem haldnir eru reglulegir fundir vegna siglingaverndar. Árið 2008 tók Siglingastofnun þátt í fundum hjá MARSEC, nefnd Evrópusambandsins, og einum Norðurlandafundi vegna siglingaverndar sem haldinn var á Íslandi. Siglingastofnun á jafnframt samskipti og samvinnu við ýmsar íslenskar og erlendar stofnanir varðandi málefni er tengjast siglingavernd.

Norðurlandafundur vegna siglingaverndar var haldinn á Íslandi í nóvember 2008 og sóttu hann fulltrúar frá Danmörku, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð auk Íslands.

Haldnir voru tveir fundir í Siglingaverndarráði á árinu en ráðið samanstendur af fulltrúum frá Ríkislögreglustjóra, Tollstjóranum, Landhelgisgæslu Íslands, Hafnasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða og Siglingastofnun Íslands.

Eftirlitsmenn frá Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority) komu til landsins í maí og gerðu úttekt á Siglingastofnun og völdum hafnaraðstöðum.

Í september 2008 kom sérfræðingahópur frá Homeland Security – U.S. Coast Guard og tók út siglingaverndarráðstafanir hjá íslenskum stofnunum og nokkrum höfnum. Niðurstaða úttektarinnar var að íslenskar stofnanir og þær hafnir sem skoðaðar voru hefðu innleitt og framkvæmt siglingavernd eins og alþjóðakröfur segja til um.

### Vaktstöð siglinga.

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Siglingastofnun hefur fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar og alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Í sérstökum þjónustusamningi sem Siglingastofnun Íslands gerði við Landhelgisgæslu Íslands, Neyðarlínuna og Slysavarnafélagið Landsbjörg er þessum aðilum falið að annast daglegan rekstur vaktstöðvarinnar. Landhelgisgæslan fer með faglega forustu í vaktstöðinni.

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa. Á árinu 2008 lauk að mestu innleiðingu rafræns tilkynningakerfis skipa um komur og flutning hættulegra efna, *SafeSeaNet*. Á árinu hófst undirbúningur á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, EMSA, við að koma á auðkennikerfi flutningaskipa á úthöfum, LRIT (Long Range Identification and Tracking), í samræmi við samþykktir IMO. Ísland verður aðili að gagnagrunni EMSA um LRIT tilkynningar ásamt 32 öðrum ríkjum og sambandsríkjum. Kerfið á að vera tilbúið til notkunar á miðju ári 2009.

### Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður á árinu 2008 var 24,4 millj. króna og var að stærstum hluta varið í innkaup og uppsetningu á AIS búnað.

### Hafnir.

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2008 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–VI. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2008. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

	2007 millj.kr.	2008 millj.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.463,2	2.054,7
Ferjubryggjur	6,4	33,2
Lendingabætur	7,8	1,7
Vestmannaeyjaferja	0,0	31,1
Samtals	1.477,4	2.120,7

### Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

#### Snæfellsbær.

*Rifshöfn:* Lokið var við dýpkun í Rifshöfn sem hófst árið 2007. Björgun ehf dældi upp um 17.800 m<sup>3</sup> með dæluskipinu Perlu og gróf upp um 5.000 m<sup>3</sup> af föstu efni með grafskipinu Reyni.

Lokið var við lengingu austurkants á Rifi. Steyptur var 96 m langur kantur með pollum og þybbum. Verktaki, Ísar ehf, lauk verkinu í september.

Boðin var út lenging Norðurgarðs og gerð sandfangara. Samið var við lægstbjóðanda, Nett ehf og var samningsupphæð 116 millj. kr. Um er að ræða 510 m lengingu Norðurgarðs eftir rifinu frá enda eldri hluta garðsins og út undir Töskuvita. Í þennan hluta verksins fara rúmlega 76.000 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti. Einnig verður byggður 320 m langur sandfangari frá landi sunnanmegin í stefnu á Töskuvita til að hefta sandburð inn í höfnina á Rifi. Í sandfangarann fara um 28.000 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti. Allt efni hefur verið unnið í grjótnámi við Efri-Höfða skammt frá Rifshöfn. Framkvæmdir hófust í júlí og var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdum við aðstöðu fyrir björgunarbát lauk ekki á árinu 2008, en steypir voru tveir landstöplar og landfestingar fyrir flotbryggjuna (15x3m) sem keypt var árið 2007.

Samið var við Hlaðbæ-Colas um malbikun tengibrautar. Lagt var slitlag á um 2.100 m<sup>2</sup> en ólokið er malbikun norðan til á hafnarvæðinu.

*Ólafsvík:* Heimamenn luku við uppsetningu á lýsingu við flotbryggju. Lokið var við dýpkun í Ólafsvíkurhöfn sem hófst árið 2007. Björgun ehf notaði grafskipið Reyni við uppgröft á um 3.200 m<sup>3</sup> af föstu efni. Illa gekk að ná efninu upp og framkvæmdin tók lengri tíma en áætlað hafði verið.

Í september lauk Ísar ehf við lengingu viðlegukants við Norðurtanga. Rekið var niður að sunnanverðu 25 m stálþil við Norðurtangabryggju ásamt 18 m löngum gafl. Hönnunardýpi er 5,0 m. Steypur var 43 m langur kantur með pollum og þybbum. Stálþilið og festingaeefni var keypt af G. Arasyni ehf en verkið hófst árið 2007.

Hafin var bygging harðviðarbryggju við norðurenda Norðurtangabryggju, eftir útboð árið 2007. Keyptur var harðviður af Mest ehf. Byggð var 12x15 m bryggja með vatns- og raflögnum, uppsetningu polla og löndunarkrana. Guðlaugur Einarsson ehf sá um framkvæmdina en einnig þurfti að brjóta upp eldri þekju að hluta og koma fyrir leiðslum fyrir vatn og rafmagn. Samið var við Björgun ehf um að fleyga skurð fyrir fremstu stauraröð. Boltar, rær, skinnur og ljósastaur var keypt frá FerróZink ehf.

Framkvæmdakostnaður: 266,7 millj. kr.

### **Grundarfjörður.**

Almenna Umhverfisþjónustan ehf bauð lægst í steypuvinnu á þekju á Miðgarðsbryggju. Framkvæmdir hófust um miðjan maí og lauk í ágúst. Steypur var 3.355 m<sup>2</sup> flötur, þar af voru um 2.180 m<sup>2</sup> styrkhæfir.

Boðin var út dýpkun og bryggjurif í byrjun maí. Samið var við lægstbjóðanda Björgun ehf. Dýpkað var með dæluskipinu Perlunni í suðurhöfninni næst landi því þar reyndist fastur botn. Fjarlægja þurfti minna en áætlað var eða samtals um 6.800 m<sup>3</sup> af efni, en samkvæmt útboðsgögnum átti að fjarlægja tæplega 8.700 m<sup>3</sup>. Dýpkun fór fram í ágúst. Rifi á Litlubryggju var ólokið um áramót.

Gerð var verðkönnun vegna kaupa á tveimur floteiningum sem eru 24 m á lengd og 3 m á breidd ásamt landgöngubrú. Samið var við Bátaland ehf um kaupin. Bryggjurnar hafa enn ekki verið settar upp.

Framkvæmdakostnaður: 47,6 millj. kr.

### **Dalabyggð.**

Í útboði árið 2007 á hafnarframkvæmdum í Dalabyggð var öllum tilboðum hafnað þar sem þau voru meira en 10% yfir kostnaðaráætlun. Á árinu 2008 var leitað eftir samningum við lægstbjóðanda, Jóhann Á. Guðlaugsson ehf í Búðardal og samningur undirritaður þann 25. apríl um endurbyggingu gömlu bryggju í Búðardal og steypa þekju í Skarðsstöð. Undirverktaki var Virkir ehf. Steypt var 132 m<sup>2</sup> þekja á bryggjuna í Búðardal og sett nýtt kanttré á framkant og hliðar, alls 31 m. Einnig var settur nýr björgunarstigi og ljósastaur. Steypt var 27 m<sup>2</sup> þekja í Skarðsstöð auk þess sem stigi var settur á bryggjuna.

Hafnaráð samþykkti á fundi sínum í október 2007 fjárveitingu allt að 2,4 millj. kr. til að gera upptökubraut fyrir smábáta í Skarðsstöð. Samið var við Jóhann Á. Guðlaugsson ehf í apríl um gerð 35 m langrar og 5 m breiðrar upptökubrautar. Virkir ehf sá um alla smíðavinnu og steypu. Lokaúttekt á báðum verkunum var gerð 1. september.

Framkvæmdakostnaður: 10,4 millj. kr.

### **Reykhólar.**

Boðin var út dýpkun innsiglingarrennu í apríl. Rennan sem er 35 m breið og um 600 m löng var dýpkuð í 4,0 m. Tekið var frávikstilboði Björgunar ehf sem notaði gröfuprammann Eiðsvík. Heildarmagn dýpkunar varð 25.647 m<sup>3</sup>. Framkvæmdir hófust um mánaðamótin júlí–

ágúst og samningsverki lauk 17. nóvember 2008. Í lok ágúst heimilaði hafnaráð aukningu á verki og voru grafnir upp 1.200 m<sup>3</sup> innan hafnar. Viðbótarverki lauk 3. desember. Öllu efni var varpað í sjó á um 50 m dýpi í Hróteyjarrost.

Framkvæmdakostnaður: 16,6 millj. kr.

### **Vesturbyggð.**

*Brjánslækur:* Boðin var út lenging á ferjubryggju, en efni í bryggjuna var keypt árið 2007. Samið var við lægstbjóðanda, Lás ehf, en undirverktaki við rekstur þilplatna og uppsetningu stagbita og festinga var Íslenska Gámafélagið ehf. Vinna við rekstur 75 m langs þils hófst í mars og lokið var við steiptan kant með pollum í september. Þilið lengir viðlegukant fyrir ferjuna um 32 m og myndar einnig 29 m langan kant þvert á viðlegukantinn. Hönnunardýpi er 5,0 m. Settar voru upp fljótandi þybbur (rússapylsur), tvær á hvern kant.

*Patreksfjörður:* Í kjölfar útboðs þar sem G. Arason ehf átti lægsta boð var samið um kaup á stálþili í báða fyrirhugaða áfanga endurnýjunar stálþils. Efnið barst á haustdögum til landsins, en um er að ræða 467,7 tonn af stálþilspötum og 99,3 tonn af festingaefni. Samtals verður endurnýjað 305 m langt þil.

Framkvæmdakostnaður: samtals 160,6 millj. kr.

### **Tálknafjörður.**

Ekkert verk var á Samgönguáætlun á árinu en hafnaráð samþykkti þriggja millj. kr. fjárveitingu til viðhaldsdýpkunar í smábátahöfninni í apríl 2008. Samið var við Ístak ehf um dýpkunina, en verkinu lauk á 5 dögum í nóvember. Fjarlægðir voru um 3.500 m<sup>3</sup> og er dýpi nú um 3,5 m.

Framkvæmdakostnaður: 5,0 millj. kr.

### **Bolungarvík.**

Íslenska Gámafélagið hóf framkvæmdir við rekstur 130 m stálþils efst við Brjótinn. Um er að ræða fyrri áfanga í endurnýjun þilsins. Verkið hafði verið boðið út árið 2007 en vegna þungatakmarkana var ekki hægt að koma tækjum á staðinn fyrr en í júní. Þekja gamla Brjótisins var brotin upp og sett 26 ný stög. Löndunarkranar voru færðir, kantur með pollum var steiptur, fríholt sett upp, vatnslagnir endurnýjaðar og ídráttarrör fyrir rafmagn lögð. Gamli skvettmúrinn var fjarlægður að hluta eða alls um 110 m. Tekið var 5.000 m<sup>3</sup> fyllingarefni úr fjörunni norðan við Brjótinn en steypan í kantinn var keypt frá ÍAV. Í miklu brimi í október gengu nokkrar þilplötur út að neðan og kantur skemmdist. Tjónastyrkur var veittur til lagfæringa. Verkinu lauk í desember.

Framkvæmdakostnaður: 68,9 millj. kr.

### **Ísafjarðarbær.**

*Pingeyri:* Samið var við K.N.H. ehf á Ísafirði um framkvæmdir sem frestað hafði verið, annars vegar rífi á gömlu trébryggjunni og hins vegar dýpkun í smábátahöfn. Flotbryggjan var færð á meðan teknir voru um 1.500 m<sup>3</sup> úr botni smábátahafnar. Bryggjan var rifin og lagfærður var grjóttflái við bryggjustæðið. Nýtt var grjót úr námunni við Kjaransstaði í verkið auk sjóvarnar sem unnin var á sama tíma. Verktími var október–nóvember.

*Suðureyri:* Endurbygging stálþils var á hafnaáætlun 2008. Keypt var efni í 60 m langt stálþil fyrir 21,2 millj. kr, en niðurrekstri hefur verið frestað ásamt dýpkun innsiglingarrennu sem var upphaflega á áætlun árið 2007.

*Flatheyri:* Í kjölfar fyrirspurnar til þriggja aðila var samið við Bátaland ehf um kaup á steyptri flotbryggju frá Finnlandi, Marinetek, 2,4x48 m ásamt botnfestum og landgöngubrú. Verktíminn var apríl–maí 2008.

*Ísafjörður:* Geirnaglinn ehf lauk við seinni áfanga endurbyggingar Ásgeirsbakka eftir áramót en um var að ræða þekjusteypu. Póllin ehf lauk við rafvæðingu masturshúsa, tengibrunna, ljósamastra og kom fyrir neyðarljósum í stigum.

Hafinn var undirbúningur að framkvæmdum við stálþil á Mávagarði á árinu 2007. Keypt var inn stál í 60 m langt þil árið 2008 en þilrekstri ásamt dýpkun í 9 m var frestað.

Framkvæmdakostnaður: 98,0 millj. kr.

#### **Súðavík.**

Gerður var samningur við Tígur ehf um endurbyggingu grjótvannar Suðurgarðs. Tekið var upp grjót á um 100 m kafla innan á garðinum, hann breikkaður og endurbyggður. Alls fóru um 2.000 m<sup>3</sup> af grjóti í verkið. Verkið var á áætlun ársins 2007 en var seinkað á móti framkvæmdum við flotbryggju sem flýtt var og unnið árið 2007 en var á áætlun ársins 2009.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

#### **Norðurfjörður.**

Samið var við GR verk ehf um steypu utan á bryggjuvegg, en verkinu hafði verið frestað á árinu 2007. Framkvæmdir við 12 m langan kafla tóku tvær vikur í september.

Framkvæmdakostnaður: 6,2 millj. kr.

#### **Hvammstangi.**

Hafnaráð ákvað á fundi sínum í apríl að heimila fjárveitingu til endurgerðar á flotbryggjum á Hvammstanga. Að undangenginni verðkönnun var samið við Bátaland ehf um útvegum á tveim 12 m steypum flotbryggjum og sá Bátaland ehf um uppsetningu. Breidd eininga er 2,7 m, en þær eru smíðaðar hjá Marinetek í Finnlandi.

Framkvæmdakostnaður: 4,7 millj. kr.

#### **Skagaströnd.**

Hafnaráð ákvað á fundi sínum í ágúst að styrkja mætti lengingu upptökubrautar með allt að 1,0 millj. kr. Samið var við Trésmiðju Helga Gunnarssonar ehf um að lengja upptökubraut um tvo m með steyptri einingu og var verkið unnið í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj.kr.

#### **Skagafjörður.**

*Sauðárkrókur:* Lokið var úttektarmælingu og uppgjöri við Björgun ehf vegna viðhaldsdýpkunar sem unnin var í lok árs 2007.

Hafnaráð veitti styrk til frágangs á gamalli grjótnámu við vesturós Héraðsvatna og sáu heimamenn um framkvæmd verksins haustið 2008.

Boðin var út gerð Suðurgarðs í Sauðárkrókshöfn. Í júlí var gengið til samninga við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf sem buðu 94,6 millj. kr í verkið. Heildarlengd garðs verður 350 m. Heildarmagn af flokkuðu grjóti er áætlað 11.296 m<sup>3</sup> og sprengdum kjarna 14.594 m<sup>3</sup>. Verkið hófst í byrjun október og um áramót var lokið u.þ.b. 35% af verkinu, kjarni hafði verið lagður fram um 170 m og grjótvarið að utanverðu. Kjarni hefur verið tekinn úr Hegranesi og mül úr Gránumóum. Grjót kemur úr Hvalnesi og Vindheimum.

*Hofsós:* Í stað áður frestaðra endurbóta á bryggjuvegg sem þóttu töluvert dýrar, var ákveðið að setja grjótvarn í kverkina efst við Norðurgarðinn og um 10 m fram með bryggjuveggnum þar sem ekki er viðlega. Samið var við Víðimelsbræður ehf um verkið sem unnið var í maí.

Framkvæmdakostnaður: 49,2 millj. kr.

#### **Fjallabyggð.**

*Siglufjörður:* Gengið var til samninga við lægstbjóðanda, Ístak ehf um rif SR bryggju. Tilboðið var að upphæð 66,7 millj. kr. Hafist var handa 10. júní við rifin, en bryggjan var um 103 m löng og 10 m breið úr stáli, steinsteypu og timbri auk 57 m landgangs sem var 11–13 m breiður. Málmhlutum og steypubrotum var komið fyrir í sjó inni á fyllingarsvæði við enda skjólgarðs, en timbur, bíldekk og annað lauslegt var sett á land og flutt á sorpförgunarsvæði bæjarins. Verkið lauk 5. nóvember.

Ístak ehf var lægstbjóðandi í dýpkun við Óskarsbryggju og var samningur gerður í júní. Hafin var dýpkun í ágúst og var 18.527 m<sup>2</sup> svæði framan við Óskarsbryggju dýpkað í 9 m. Fjarlægðir voru 43.325 m<sup>3</sup> af lausu og föstu efni. Verki lauk 5. nóvember.

*Ólafsfjörður:* Raftækjavinnustofan ehf sá um rafvæðingu masturshúss, masturs og brunna á nýja þilinu á Tograbryggju.

Hafinn var undirbúningur og hönnun á þrengingu innsiglingar í Vesturhöfn og stefnt að útboði í janúar 2009.

Framkvæmdakostnaður: 93,7 millj. kr.

### **Dalvík.**

Að loknu útboði í febrúar var gengið til samninga við Guðmund Guðlaugsson ehf um endurbyggingu timburbryggju við Suðurgarð. Lengd bryggjunnar er 65 m og dýpi 5 m. Verkið hófst í mars og voru þá allir staurar reknir, en verklok ásamt viðbótarverkum voru í september.

Samið var við Dalverk ehf um lengingu grjóttgarðs á Hauganesi um 32 m. Verkið hófst í júní. Ákveðið var að auka við verkið og garðurinn lengdur í 40 m. Heildar grjótmagn varð 8.500 m<sup>3</sup>. Sett voru upp garðsenda- og siglingaljós og lauk verkinu í september.

Hafinn var undirbúningur að gerð nýrrar ferjubryggju í Dalvíkurhöfn og keypt inn stálþil fyrir 18,7 millj. kr. Í október fór útboð verksins fram og í framhaldi var samið við lægstbjóðanda, Ísar ehf. Verkið felur í sér dýpkun í 5 m og fjarlægðir verða 6.000 m<sup>3</sup> af efni. Garður við smábátahöfn verður breikkaður og áætlað að 8.700 m<sup>3</sup> fari í fyllingu. Reknar verða niður 49 stálþilspötur og verður heildarlengd þils 75 m, kantur verður 63 m og byggt verður vatns- og rafmagnshús. Verkið var ekki hafið í árslok.

Framkvæmdakostnaður: 84,3 millj. kr.

### **Grímsey.**

Engin tilboð bárust við útboð hafnaframkvæmda í Grímsey árið 2007. Var því ákveðið að semja við Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf í Grímsey um dýpkun vegna lengingar harðviðarbryggju og lengingar á syðri skjólgarði. Um 900 m<sup>3</sup> fara í lenginguna ásamt harðviðartunnu á enda, færslu á landgarði og gerð öldudempanði fláa. Verkið hófst um miðjan júní. Dýpkun lauk í október. Vinna við færslu á landgarði og öldudempanði fláa lauk í desember. Frestað var lengingu á Suðurgarði og frágangi á tunnu sökum erfiðs tíðarfars.

Efni í harðviðarbryggju og skutaðstöðu hefur þegar verið keypt en eftir er að bjóða verkið út.

Framkvæmdakostnaður: 43,9 millj. kr.

### **Hafnasamlag Norðurlands.**

*Akureyri:* Boðin var út steypa á 2.575 m<sup>2</sup> af þekju og lagnir á Tangabryggju. Samið var við lægstbjóðanda, Kötlu ehf, sem bauð 37,2 millj. kr. Auk þekjunnar á að byggja rafmagns- og vatnshús og gera undirstöður fyrir ljósamastur. Framkvæmdir hófust í nóvember og er gert ráð fyrir að þeim ljúki vorið 2009.

Árni Helgason ehf lauk við rekstur stálþils Oddeyrarbryggju og fyllingu í maí. Þilið er 65 m langt og með 24 m landgafl. Dýpkað var við bakkann í 11 m en alls voru fjarlægðir 2.300 m<sup>3</sup>.

Framkvæmdakostnaður: 44,4 millj. kr.

### **Norðurþing:**

*Húsavík:* Lokið var við framkvæmdir við Bökugarð en einungis átti eftir að pokapússa ljósamasturshús og bræða tjöru í steypuskil þekju.

Keyptur var harðviður í endurbyggingu trébryggju við Suðurgarð. Eftir útboð á harðviði árið 2007 var tekið tilboði Mest ehf að fjárhæð 15,2 millj. kr. Í febrúar var tekið tilboði lægstbjóðanda, Seljuskóga ehf í smíði 75 m langrar bryggju fyrir 37,0 millj. kr. Um er að

ræða niðurrif og förgun á gömlu bryggjunni, uppsteypu á landvegg og byggingu nýrrar 450 m<sup>2</sup> trébryggju. Verkinu var að mestu lokið um áramót.

Unnið var að undirbúningsrannsóknnum vegna hafnar fyrir fyrirhugað álver á Bakka.

Framkvæmdakostnaður: 94,1 millj. kr.

### **Langanesbyggð.**

*Þórshöfn:* Í febrúar 2008 var boðin út vinna við rif á eldri bryggju ásamt dýpkun við Hafskipabryggju. Samið var við lægstbjóðanda, Hagtak ehf um 43,6 millj. kr fyrir framkvæmdina. Verkið fólst m.a. í að rífa 25 m af enda gömlu Hafskipabryggjunar, dýpka 2.238 m<sup>2</sup> svæði við bryggjuna og í innsiglingunni ásamt því að grafa 136 m langan þilskurð fyrir væntanlegt stálþil. Verkinu lauk í september.

Eftir útboð á stálþilsefni fyrir Hafskipabryggju var tilboði G. Arasonar ehf að upphæð 56,8 millj. kr. tekið og þilið keypt. Boðin var út rekstur á stálþilinu í júní. Samið var við lægstbjóðanda, Íslenska Gámafélagið hf sem bauð 66,8 millj. kr. Í verkinu fólst m.a. rekstur á 125 stálþilspötum ásamt kantbita, pollum og stigum, fylling innan við þil og uppsteypa á ljósamasturshúsi. Verkinu var ekki lokið í árslok.

Framkvæmdakostnaður: 137,8 millj. kr.

### **Vopnafjörður.**

Á árinu lauk vinnu Hagtaks ehf og Björgunar ehf við dýpkun á innsiglingu og svæða innan hafnar. Alls voru dýpkaðir 36.950 m<sup>2</sup> í 10 m dýpi. Fjarlægðir voru 35.977 m<sup>3</sup> af lausu efni og af því fóru 14.281 m<sup>3</sup> í landfyllingu norðan nýju hafnarinnar en 780 m<sup>3</sup> voru losaðir við Helenuflúð og restin 20.916 m<sup>3</sup> var losuð í hafið utan Skiphólma.

Í maí var boðin út steipt þekja við nýjan hluta Miðbryggju. Í verkinu fólst að leggja vatns- og raflagnir í bryggju, steypa 3.900 m<sup>2</sup> þekju, byggja rafbúnaðarhús og ganga frá raforkuvirki. Gerður var samningur við lægstbjóðanda, Héraðsfjörð ehf sem bauð 57,6 millj. kr. og lauk verkinu í október.

Framkvæmdakostnaður: 164,5 millj. kr.

### **Seyðisfjörður.**

Boðin var út viðbygging við þjónustuhús á Bjólfsbakka í febrúar. Um er að ræða stækkun á tollaðstöðu um 225 m<sup>2</sup>. Byggingin er ætluð fyrir skoðun á stærri bílum auk þess að hýsa gegnumlýsingarþúnað. Einnig eykst rými fyrir almenna tollskoðun. Samið var við lægstbjóðendur þá Villa V. ehf og G. Ármannsson ehf. Verkinu var að mestu lokið í árslok en eftir er frágangur í húsi og malbikun lóðar.

Unnið var að hönnun trébryggju við frystihús en byggingu frestað til ársins 2009.

Framkvæmdakostnaður: 90,5 millj. kr.

### **Fjarðabyggð.**

*Mjólfjörður:* Samið var við Seljuskóga ehf um viðgerð og endurbyggingu á trébryggjunni á Mjóafirði. Reknir voru 17 staurar, burðarviðir styrktir og endurnýjaðir að hluta. Einnig voru dekkjaþybbur endurnýjaðar á bryggjunni. Framkvæmdum lauk um áramót.

*Stöðvarfjörður:* Samið var við Ævar Ármannsson ehf um að klæða gömlu steinbryggjuna með harðviði. Verkinu var ekki lokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 11,5 millj. kr.

### **Djúpivogur.**

Samið var við Björgun ehf um dýpkun innst við stálþilið í Gleðivík. Dýpkunarsvæðið var um 1.600 m<sup>2</sup> og var dýpkað í 9 m.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

### **Höfn í Hornafirði.**

Tröllli ehf vann að viðhaldsdýpkun í framhaldi af útboði í árslok 2007. Verksamningur gerði ráð fyrir að 2x25.000 m<sup>3</sup> af efni yrðu fjarlægðir úr höfninni vegna áranna 2007 og 2008

og lauk þeirri vinnu í apríl. Hafnaráð heimilaði í júlí að auki að fjarlægðir yrðu 25.000 m<sup>3</sup> sem væri framhald eldri stofndýpkunar. Því voru alls 75.000 m<sup>3</sup> fjarlægðir úr höfninni á árinu.

Gengið var frá uppgjöri við Smíðast. Sveins Sighvatssonar vegna Bátstangabryggju, en verkinu lauk á árinu 2007.

Guðlaugur Einarsson ehf sá um framkvæmdir við endurnýjun á stálþili Álaugareyjarbakka, en verkið var boðið út árið 2007. Alls fóru um 385 tonn af stáli í verkið. Var 70 m kafli endurnýjaður og lengdur til vesturs um 85 m. Heildarlengd er því orðin 155 m. Einnig fóru um 10.300 m<sup>3</sup> í fyllingu við þilið og steypur var kantbiti. Verkinu lauk á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 107,4 millj. kr.

### **Landeyjahöfn.**

Umhverfisferli vegna byggingar Landeyjahafnar lauk með umhverfismatsskýrslu í júní 2008 en skýrslan náði yfir Landeyjahöfn, námu og vegagerð. Í apríl var boðin út í samvinnu við Vegagerðina bygging brimvarnargarða, flóðvarnargarða og varnargarða með Markarfljóti, stálþilsrekstur, lagning vegar frá Þjóðvegi að höfninni og brúargerð.

Hafnarmannvirkið samanstendur af tveimur 620 m löngum brimvarnargörðum sem ná um 500 m fram í sjó og marka höfnina af. Hafnarkanturinn verður stálþilsbakki um 105 m langur með 5,5 m hönnunardýpi. Einnig verða gerðir um 3.300 m af flóðvarnargörðum sem tengjast höfninni.

Grjót og sprengdur kjarni í garðana er tekin úr námu á Seljalandsheiði um 26 km frá verkstað.

Áætlað er að um 650.000 m<sup>3</sup> af efni fari í garðana.

Tilboð voru opnuð í júní og var lægsta boðið frá Suðurverki ehf og hljóðaði upp á 1.867.664.916 kr. sem var 60,2% af kostnaðaráætlun sem var 3.103.652.902 kr. Hluttur hafnarinnar og þar með Siglingastofnunnar verður um 1.437.259.932 kr.

Samið var við Suðurverk ehf og voru samningar undirritaðir í ágúst að viðstöddum samgönguráðherra, Kristjáni Möller. Verktaki hóf framkvæmdir í september við vegagerð og námuvinnslu og vann fyrir um 180 millj. kr. á árinu. Samningsverkinu á að ljúka 1. júlí 2010.

Eftirlit með verkinu var boðið út og var Verkfræðipjónustan Strendingur ehf með lægsta boðið, 45,3 millj. kr. og var samið við hana um eftirlit með verkinu.

Landgræðslan hélt áfram uppgræðslu lands með sáningu og áburðardreifingu. Unnið var fyrir um 42 millj. kr. Sáð var í um 110 ha svæði með melgresi og borið á það svæði. Safnað var saman heyrúllum og dreift sumarið 2008. Um haustið var safnað hæsaskít og öðrum áburði til dreifingar næsta sumar.

Samið var við landeigendur Seljandstorfunnar um grjótnám á Kattarhrygg á Seljalandsheiði. Gert er ráð fyrir að sprengja þar allt að 600 m<sup>3</sup> til að nýta í brimvarnargarða ofl. Samningurinn hljóðaði upp á um 32,53 millj. kr.

Samið var um kaup á landi undir höfnina af landeigendum Bakka upp á 12 millj. kr., alls um 8 hektara auk greiðslu fyrir leigu lands alls 8 ha til viðbótar og óhagræðis sem landeigendur verða fyrir vegna hafnarframkvæmdanna.

Framkvæmdakostnaður 231,5 millj. kr.

### **Vestmannaeyjaferja.**

Í desember 2007 var fjórum aðilum gefinn kostur á að skila inn tilboðum í ferjusiglingar. Þeir voru Nýsir hf, Eimskip ehf, Samskip hf og Vestmannaeyjabær í samvinnu við Vinnslustöðina. Aðilar áttu að sjá um smíði á ferju sem gat tekið 60 bíla og allt að 400 farþega og sjá um ferjusiglingarnar milli lands og Eyja í 15 ár. Í útboðinu var einnig rekstur ferjuaðstöðunar í Landeyjahöfn og Vestmannaeyjum. Að loknu útboðsferli skilaði einungis Vestmannaeyjabær inn gildu tilboði í samvinnu við Vinnslustöðina. Tilboð þessara aðila var um 16,3 milljarðar kr. en kostnaðaráætlun var um 10,8 milljarðar kr. Ekki náðust samningar milli aðila og var því ákveðið að bjóða út smíði ferjunnar og yrði þá ferjan í eigu ríkisins. Síðan yrði

boðinn út rekstur ferjunnar til 5-15 ára. Tilboð í smíði ferju voru opnuð í ágúst og bárust tvö aðaltilboð og eitt frávikstilboð. Hafnar voru samningaviðræður við lægstbjóðanda og voru þær viðræður langt komnar þegar bankahrúnið varð. Í framhaldi af því var viðræðum slitið og tekin sú ákvörðun að fresta kaupum á nýrri ferju um ótilgreindan tíma.

Framkvæmdakostnaður: 31,1 millj. kr.

### **Vestmannaeyjar.**

Í apríl var boðin út 5.240 m<sup>2</sup> þekjusteypa á Básaskersbryggju. Samið var við lægstbjóðanda, 2-P ehf sem hóf framkvæmdir í ágúst og lauk þeim að mestu í desember. Einnig var lagður nýr stofnstrengur að ljósamasturshúsi.

Framkvæmdakostnaður: 51,0 millj. kr.

### **Þorlákshöfn.**

Vinnu Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf sem hófst árið 2007 við malbikun þekju, frágang lagna og raforkuvirkis á Svartaskersgarði lauk á árinu.

Samið var við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf að lokinni verðkönnun um dýpkun á smábátahöfninni. Sprengdir voru um 400 m<sup>2</sup> af klöpp og dýpkað niður á 3,5 m dýpi. Taka þurfti upp grjóthleðslu og ganga frá henni aftur til að komast niður í höfnina. Lokauppgjör hefur farið fram við verktakann og var heildarkostnaðurinn um 7,7 millj. kr.

Samið var við Björgun hf um viðhaldsdýpkun á innsiglingunni. Dýpkunarskipið Perlan dældi um 14,500 m<sup>3</sup> af svæðinu og er innsiglingin núna 8,0 m djúp.

Samhliða dýpkun á innsiglingunni lauk Björgun ehf við að dýpka Austurhöfnina í 8,0 m en samkvæmt úttektarmælingu frá árinu 2007 hafði Björgun hf ekki dýpkað í tilskilið dýpi skv. útboðsskilmálum í tilboðsverki þeirra frá árinu 2006.

Eftir niðurrif Norðurvararbryggju fór að myndast rof í sjávarbakkann bak við þverbryggjuna sem fjarlægð var og sjór gekk að fiskvinnsluhúsum sem þar eru. Samið var við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf um byggingu varnargarðs eftir hönnun Siglingastofnunar. Garðurinn er 170 m langur og í hann fóru um 3.600 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna.

Framkvæmdakostnaður: 55,9 millj. kr.

### **Grindavík.**

Lokið var smíði nýs hafnsögubáts í skipasmíðastöðinni Francisco Cardama A.S. á Spáni. Skipið var afhent í júní og fékk nafnið Bjarni Þór.

Dráttarbáturinn er með 8 tonna togkraft, 14,9 m langur, 4,7 metra breiður og 30 brúttótonn. Vélar eru tvær af gerðinni Caterpillar C-7 alls um 410 kW.

Framkvæmdakostnaður: 85,1 millj. kr.

## **Óstyrkhæfar hafnarframkvæmdir.**

### **Faxaflóahafnir.**

Ýmsar hafnaframkvæmdir voru á vegum Faxaflóahafna á árinu 2008 auk kaupa á nýjum lóðsbát. Heildarkostnaður við hafnaframkvæmdir námu 678,9 millj. kr. og skiptust þannig.:

### **Hafnarvirki:**

Endurbætur á Verbúðabryggju	18.8 millj. kr.
Skarfabakki - rafdreifikerfi	38.6 millj. kr.
Skarfagarður - lenging	29.3 millj. kr.
Undirbúningur framkvæmda utan Klepps	55.6 millj. kr.
Vogabakki lenging - 150 metra áfangi	119.1 millj. kr.
Grundartangi hafnaverndarbúnaður	17.4 millj. kr.
Sjóvarnir á Grundartanga og aðstaða fyrir hafnsögubáta	43.4 millj. kr.
Akraneshöfn - rannsóknir	1.8 millj. kr.
Keyptur nýr lóðsbátur, Jötunn	354.9 millj. kr.

## **Fjarðabyggð.**

*Neskaupstaður:* Framkvæmdir hófust við lenginu löndunarbryggju. Lengd stálþilsins er 95 m. Framkvæmt var fyrir 54,7 millj. kr. en áætlaður heildarkostnaður er 96 millj. kr.

*Eskifjörður:* Unnið var við 35 m hafnarkant framan við nýtt nótahótel.

Samtals var framkvæmt fyrir 49,7 millj. kr.

*Reyðarfjörður:* Áfram var unnið að undirbúningi að stækkun Mjóeyrarhafnar með nýjum 160 m hafnarkanti um 200 m fyrir vestan núverandi aðstöðu en framkvæmdinni sjálfri hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Framkvæmdakostnaður var 1,2 millj. kr.

*Fáskrúðsfjörður:* Lokið var við þriðja áfanga á endurgerð þekju á Fiskeyrarbryggju. Um er að ræða 625 m<sup>2</sup> þekju.

## **Ferjubryggjur.**

Unnið var að viðhaldi á eftirtöldum ferjubryggjum:

*Vigur:* Heimamenn sáu um lítilsháttar viðhald á ferjubryggju.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 millj.kr.

*Flatey, Breiðafirði:* Samið var við Elinn ehf á Sauðárkróki um að lengja viðlegukant flóabátsins Baldurs úr 22 m í 40 m. Reknir voru 22 harðviðarstaurar og endurnýjaður hluti eldri bryggju. Keyptur var harðviður frá Mest ehf fyrir um 9 millj. kr. Verkið hófst í byrjun október og því var ólokið í árslok.

Framkvæmdakostnaður: 24,9 millj. kr.

*Staður:* Hafnarkví var stækkuð um 150 m<sup>2</sup>. Samið var við Verklok ehf um að sprengja og grafa. Efnið úr dýpkuninni var notað utan á skjólgarðinn.

Framkvæmdakostnaður 4,7 millj. kr.

*Arngerðareyri:* Bifreiðaverkstæði Helga Bjarnasonar sá um uppsetningu á stiga og fríholti.

Framkvæmdakostnaður 0,4 millj. kr.

*Æðey:* Bifreiðaverkstæði Helga Bjarnasonar sá um framkvæmd verks sem hófst árið 2007. Skipt var um síðari stálburðarbita undir landganginum milli landveggs og bryggjukers.

Framkvæmdakostnaður samtals: 2,8 millj. kr.

## **Sjóvarnargarðar.**

*Akranes:* Sjóvörn í Leyni var lagfærð á 330 m kafla og síðan lengd um 30 m. Í þennan hluta verksins fóru um 3.600 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti. Einnig var byggð 140 m löng sjóvörn við Esjubraut. Í þann hluta verksins fóru um 1.200 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti. Framkvæmdir hófust í mars og þeim lauk í júní.

Framkvæmdakostnaður 10,1 millj.kr

*Snæfellsbær, Ólafsvík:* Sjóvarnir voru boðnar út í september 2007 á þremur stöðum í Ólafsvík. Verktaki var Stafnafell ehf. Í sjóvörnina við Hróarshús voru fluttir um 4.000 m<sup>3</sup> af kjarna og grjóti, en áætlað er að ljúka verkinu í apríl 2009. Allt efni er fengið úr námu við Efri-Höfða í landi Rifshafnar. Einnig var byggð 125 m löng sjóvörn við Ytra-Klif austan við félagsheimilið Kilf. Mun meira efni fór í framkvæmdina en áætlað hafði verið eða 3.500 m<sup>3</sup> í stað 1.400 m<sup>3</sup>. Því verki lauk í september.

Framkvæmdakostnaður: 7,1 millj. kr.

*Dalabyggð:* Boðin var út endurbygging sjóvarnar á 120 m kafla frá kverkinni við grjótgarð fram að bryggju. Innifalið í verkinu var að taka upp og endurraða grjóti á þessum kafla og bæta í 1.237 m<sup>3</sup> af grjóti. Öllum tilboðum var hafnað á árinu 2007 þar sem þau voru langt yfir áætlun. Í framhaldi var leitað eftir samningum við Víðimelsbræður ehf og samningur gerður í febrúar 2008. Sprengt grjót og kjarni var tekinn úr námu við Ljá skammt frá Þjóðvegi, um 4 km frá Búðardal. Verkinu lauk í apríl.

Framkvæmdakostnaður: 6,0 millj. kr.

*Flatey á Breiðafirði:* Samið var við Elinn ehf um undirbúning sjóvarnar í Flatey. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki vorið 2009.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj. kr.

*Vesturbyggð:* Hafin var vinna við sjóvörn við Brunna. Samið var við Sigurbór Þórisson frá Hvalskeri við Patreksfjörð. Áætlað er að leggja út um 1.750 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna framan við rústirnar af verbúðinni á Brunnum í Látravík. Lengd garðsins er áætluð 200 m, en fjarlægð í námu er 4 km. Áætlað er að verki ljúki í janúar 2009.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 millj. kr.

*Ísafjarðarbær:* Lokið var uppgjöri vegna framkvæmda fyrra árs á Þingeyri.

Framkvæmdakostnaður: 0,8 millj. kr.

*Bæjarhreppur:* Í lok desember gerði mikið SA veður og brotnaði sunnan úr Borðeyrartanganum. Í framhaldi af gerð sjóvarnar þar árið 2007 var samið við Víðimelsbræður ehf um að bæta við sjóvörnina um 60 m.

Framkvæmdakostnaður alls 1,2 millj. kr.

*Skagaströnd:* Víðimelsbræður ehf byggðu 243 m sjóvörn frá enda núverandi sjóvarnar við Vallarbraut suður að Óseyri. Sprengdur kjarni og grjót í sjóvörn varð 3.050 m<sup>3</sup>. Efnið var tekið úr námu í landi Steinnýjarstaða um 14 km utan við Skagaströnd. Verkið var unnið í júní og júlí.

Framkvæmdakostnaður alls 12,0 millj. kr.

*Ólafsfjörður:* Framhaldið var vinnu í sjóvörnum. Tekið var efni úr námu í landi Garðs. Í 150 m garð við vestari fjöru fóru 880 m<sup>3</sup>, í 190 m garð við Ósinn fóru alls 2.500 m<sup>3</sup> og í 150 m garð við eystri fjöru framan við Sjóhús fóru 680 m<sup>3</sup>. Verktaki, Árni Helgason ehf, hóf verkið í janúar og lauk því í maí.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

*Dalvíkurbyggð:* Samið var við Dalverk ehf um framhald á fyrri sjóvarnarverkefnum. Eknir voru út 1.766 m<sup>3</sup> við Brimnes í 74 m langan garð og á Árskógssandi vestan hafnar er ráðgert að aka út um 1.600 m<sup>3</sup> í 60 m garð og 1.200 m<sup>3</sup> í 105 m garð syðst við bakkann undir Ægisgötu. Allt grjót er tekið úr námu á Hauganesi. Verkið hófst í lok október og ráðgert að því ljúki í mars 2009.

Framkvæmdakostnaður 5,7 millj. kr.

*Hrísey:* Samið var við Dalverk ehf um að taka efni úr námu í Hrísey og setja í 70 m garð út við Varir um 1.900 m<sup>3</sup> og í 130 m garð norðan hafnar um 2.000 m<sup>3</sup>.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 millj. kr.

*Borgarfjörður eystri:* Samið var við Vélaleigu J.H.S. ehf á Borgarfirði um framkvæmd við sjóvarnir á árinu 2007. Um er að ræða 45 m og 600 m<sup>3</sup> við fiskmóttökuhús við Bakkagerðisbryggju og 80 m og 1.200 m<sup>3</sup> í Karlafjöru við Höfn. Framkvæmdir hófust svo 2008. Verki lauk í júní.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 millj. kr.

*Vík í Mýrdal:* Framhaldið var undirbúningsrannsóknnum vegna fyrirhugaðrar sjóvarnar. Mælt var dýpi og botn rannsakaður. Gerðar voru mælingar á landi.

Framkvæmdakostnaður: 2,6 millj. kr.

*Grindavík:* Samið var við Óskaverk ehf um sjóvarnir á þremur stöðum. Við Gerðistanga fremst við rúst Stóragerðis verður um 130 m nýr garður. Um 200 m garður verður við Arfadalsvík og í Staðarbót við Gerðistanga um 150 m ný sjóvörn. Allt efni verður tekið úr gamalli námu u.þ.b. 3,5 km frá verkstað, samtals 3.760 m<sup>3</sup>. Verkinu var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

*Gerðahreppur:* Eftir útboð var samið við lægstbjóðanda Óskaverk ehf um sjóvarnir á þremur stöðum. Á móts við Útskálarif verður bætt í skörð og gerð ný 50 m sjóvörn móts við Mannskaðaflös vestan Nesfisks og eldri vörn hækkuð og styrkt. Innan við Garðshöfn við H. Pétursson verður sett um 100 m ný sjóvörn og endurbættur 45 m kafli. Flokkað grjót og

kjarni, samtals 1.429 m<sup>3</sup> koma úr námu við Helguvík. Verkið hófst í byrjun desember og var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj. kr.

*Reykjanesbær:* Boðin var út sjóvörn í Innri-Njarðvík, um 150 m framlenging á núverandi sjóvörn Hákotstangi-Seila. Áætlað er að samtals fari um 1.319 m<sup>3</sup> af grjóti og kjarna í framkvæmdina en efnið kemur úr námu í Helguvík. Samið var við lægstbjóðanda Óskaverk ehf. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2009.

Framkvæmdakostnaður: 0,2 millj. kr.

*Álftanes, svf:* Lokið var við uppgjör framkvæmda frá árinu 2007.

Framkvæmdakostnaður 1,3 millj. kr.

*Hafnarfjörður:* Lokið var uppgjóri á sjóvörn á Hvaleyri er lauk á árinu 2007. Verkinu var upprunalega flýtt en lokafjárveiting kom á árinu 2008.

Framkvæmdakostnaður 31,5 millj. kr.

### **Framkvæmdir vegna tjónaviðgerða.**

#### **Dalabyggð.**

Í nóvember 2006 skemmdist grjótvörn fram að bryggju í Búðardal. Í desember það ár samþykkti hafnaráð 2,5 millj. kr. tjónastyrk og auk þess 0,9 millj. kr. viðbótarstyrk í apríl 2008. Samið var við Víðimelsbræður ehf um endurröðun grjóts á 74 m kafla auk þess að bæta við 1.055 m<sup>3</sup> af grjóti til hækkunar og styrkingar. Verklok voru í apríl.

Framkvæmdakostnaður: 3,5 millj. kr.

#### **Vesturbyggð.**

Í illviðri sem gekk yfir landið í febrúar 2008 skemmdist flotbryggja á Brjánslæk. Endi annarrar einingarinnar skemmdist ásamt landstöpli. Samið var við Lás ehf frá Bíldudal um viðgerð og fór hún fram í september.

Framkvæmdakostnaður: 1,3 millj. kr.

#### **Strandabyggð.**

*Hólmavík:* Austurgarður á Hólmavík skemmdist á um 100 m kafla í miklu SA roki og brimi þann 30. desember 2007. Samið var við Víðimelsbræður ehf um viðgerð. Grjótgarðinum var umræðað og bætt í hann 2.070 m<sup>3</sup> af grjóti á um 120 m kafla frá landi og út fyrir hornið við Árnaklakk. Garðkróna er nú í kóta +4,2 m á þessum kafla. Sprengt grjót og kjarni var tekið úr námu sveitarfélagsins við Víðidalsá um 5 km frá höfninni. Verkinu lauk í september.

Framkvæmdakostnaður: 6,3 millj. kr.

## Töflur.

Tafla I. Kostnaður við hafnaframkvæmdir 2008 (fjárhæðir í millj. kr.)

6.70 Almennar hafnir					
I. Innan grunnnets		Styrk.	Heild.	Styrkh.	Ríkis.
Af óskiptu fé til slysavarna	Rif, aðstaða fyrir björgunarbát.	60%	1,7	1,4	0,8
	Sandgerði, úrbætur í öryggismálum.	60%	1,9	1,6	0,9
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)	Sauðárkrókur, viðhaldsdýpkun.	75%	6,4	5,1	3,8
	Sauðárkrókur, frágangur grjótnámu við vesturós Héraðsvatna.	75%	0,9	0,7	0,6
	Hornafjörður, viðhaldsdýpkun.	75%	31,2	25,1	18,8
	Þorlákshöfn, viðhaldsdýpkun.	75%	10,7	8,6	6,4
Snæfellsbær	Rif, tengibraut frá Staurakistu að hafnarvog.	60%	4,1	3,3	2,0
	Rif, lýsing við núverandi flotbryggju.	60%	2,7	2,2	1,3
	Rif, stofndýpkun í innsiglingu og höfn.	75%	36,5	29,4	22,0
	Ólafsvík, stofndýpkun í höfn.	75%	27,0	21,7	16,3
	Rif, lenging stálþils, austurkants.	60%	18,5	14,9	8,9
	Rif, dýpkun við þil austurkants.	75%	11,5	9,2	6,9
	Ólafsvík, lenging viðlegukants við Norðurtanga.	60%	23,0	18,5	11,1
	Ólafsvík, trébryggja við gafl Norðurkants.	60%	27,4	22,0	13,2
	Rif, grjótgardur við Tösku og sandfangari.	75%	113,8	91,4	68,6
Grundarfjörður	Dýpkun hafnar.	75%	5,5	4,4	3,3
	Ný bryggja sunnan Litlubryggju.	60%	35,2	28,2	16,9
	Flotbryggja.	60%	6,6	5,3	3,2
	Öldudempandi flái vestan Miðgarðs.	60%	0,3	0,3	0,2
	Rif Litlubryggju.	60%	0,0	0,0	0,0
Vesturbbyggð	Bíldudalur, kalkþörungahöfn.	60%	0,9	0,7	0,4
	Brjánslækur, ferjubryggja, lenging stálþils.	60%	41,0	32,9	19,8
	Patreksfjörður, endurbýgging stálþils 1.og 2 áf.	60%	118,7	95,3	57,2
Bolungarvík	Endurbýgging stálþils.	60%	68,9	55,4	33,2
Ísafjörður	Endurbýgging Ágeirsbakka.	60%	13,9	11,1	6,7
	Mávagarður, stálþilsbryggja við olúbirgðastöð.	60%	62,1	49,9	29,9
Skagaströnd	Endurbýgging á plani og löndunarbryggju.	60%	0,1	0,1	0,0
	Lenging skábrautar um 2 m.	60%	0,4	0,3	0,2
Skagafjörður	Sauðárkrókur, Suðurgarður, skjólgarður.	75%	39,8	31,9	24,0
Fjallabyggð	Siglufjörður, dýpkun við Óskarsbryggju.	75%	62,5	50,2	37,7
	Siglufjörður, SR-bryggja, niðurrif.	60%	28,6	23,0	13,8
	Siglufjörður, lenging skjólgarðs við öldubrjót.	75%	0,2	0,1	0,1
	Ólafsfjörður, innsigling í Vesturhöfn.	75%	0,8	0,6	0,5
	Ólafsfjörður, togarabryggja, 40 m stálþil ofl.	60%	1,6	1,3	0,8
Dalvíkurbyggð	Dalvík, tímurbryggja Suðurgarði, endurbýgging (65m bryggja).	60%	47,1	37,9	22,7
	Dalvík, dýpkun við ferjubryggju.	75%	0,0	0,0	0,0
	Dalvík, ferjubryggja, stálþil, lagnir og þekja.	60%	22,4	18,0	10,8
Grímsey	Lenging harðviðarbryggju.	60%	3,8	3,0	1,8
	Dýpkað við lengingu harðviðarbryggju.	75%	0,1	0,1	0,1
	Lenging nyrðri skjólgarðs bátahafnar.	75%	0,0	0,0	0,0
	Skutaðstaða fyrir ferjur.	60%	0,1	0,1	0,1
	Færsla á landgarði og öldudempandi flái.	75%	39,9	32,0	24,0
Hafnasamlag	Akureyri, ísbryggja ÚA, stálþil, lagnir og þekja.	60%	0,1	0,1	0,0
Norðurlands	Akureyri, Tangabryggja.	60%	16,5	13,2	7,9
	Akureyri, Oddeyrarbryggja.	60%	27,8	22,3	13,4
Norðurþing	Húsavík, Bökugarður stálþil.	60%	5,2	4,2	2,5
	Húsavík, endurbýgging í smábátahöfn og flotbryggja.	60%	0,0	0,0	0,0
	Húsavík, Suðurgarður, 2. áfangi.	60%	3,0	2,4	1,5
	Húsavík, Suðurgarður, 1. áfangi.	60%	56,1	45,0	27,0
	Húsavík, álvershöfn, undirbúningur.	100%	29,8	24,0	24,0

Langanesbyggð	Þórshöfn, endurbygging löndunarbyggja, stálþil og trébyggja.	60%	0,4	0,3	0,2
	Þórshöfn, lenging Norðurgarðs.	75%	0,3	0,3	0,2
	Þórshöfn, endurbygging hafskipabryggju.	60%	113,3	91,0	54,6
	Þórshöfn, dýpkun við hafskipabryggju og Suðurgarð.	75%	23,6	19,0	14,2
Vopnafjörður	Miðbryggja-löndunarbyggja stálþil.	60%	66,2	53,2	31,9
	Lenging þils við Miðbryggju.	60%	0,7	0,6	0,4
	Stofndýpkun í innsiglingu.	75%	97,6	78,4	58,8
Seyðisfjörður	Frágangur bryggju við austurenda Bjólfsbakka.	60%	0,5	0,4	0,3
	Bæjarbyggja endurbygging.	60%	3,7	3,0	1,8
	Endurbygging trébyggju við frystihús.	60%	0,6	0,5	0,3
Fjarðabyggð	Reyðarfjörður, stálþilbakki við Hraun.	60%	0,9	0,7	0,4
	Reyðarfjörður, stóriðja dýpkun.	75%	5,6	4,5	3,4
	Reyðarfjörður, hafnsögubátur fyrir Stóriðjuhöfn.	75%	0,7	0,7	0,5
	Stöðvarfjörður, klæðning gömlu bryggju.	60%	0,3	0,3	0,2
Djúpivogur	Dýpkað við þil, Gleðivík.	75%	6,4	5,1	3,8
Hornafjörður	Bátstangabryggja, staurabryggja.	60%	2,1	1,7	1,0
	Stofndýpkun innan hafnar.	75%	15,7	12,6	9,5
	Bryggja Álaugarey.	60%	58,4	46,9	28,2
Vestmannaeyjar	Básaskersbryggja endurbygging.	60%	50,9	40,9	24,5
	Bæjarbyggja endurbygging.	60%	0,1	0,1	0,0
	Nausthamarsbryggja við flotbryggju, endurbygging.	60%	0,0	0,0	0,0
Sveitarfélagið Ölfus	Dýpkun - Dæling í austur- og vesturhöfn.	75%	20,1	16,1	12,1
	Svartaskersgarður, þvergardur.	75%	-0,1	-0,1	-0,1
	Þil norðan Svartaskers, lagnir og þekja.	60%	14,1	11,3	6,8
	Rif fremsta hluta Norðurvararbryggju.	60%	11,1	8,9	5,3
	Hafnsögubátur.	75%	0,1	0,1	0,0
Grindavík	Svíragarður, endurbygging.	60%	0,1	0,1	0,0
	Nýr hafnsögubátur.	75%	85,0	85,0	63,7
Sandgerði	Endurbygging þekju Suðurbryggju.	60%	0,2	0,1	0,1
Af óskiptu fé	Stykkishólmur, kaup og uppsetning á flotbryggju.	60%	0,0	0,0	0,0
	Stykkishólmur, smábátaviðlega.	60%	1,2	1,0	0,6
<b>Alls innan grunnets</b>			<b>1.636,1</b>	<b>1.331,0</b>	<b>888,0</b>

<b>II. Utan grunnets</b>		<b>Styrk.</b>	<b>Heild.</b>	<b>Styrkh.</b>	<b>Ríkis.</b>
Óskipt til slysavarna	Dalabyggð, upptökubraut Skarðshöfn.	60%	2,7	2,7	1,6
	Hvammastangi, endurgerð flotbryggju.	60%	4,7	3,8	2,3
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)	Arnarstapi, viðhaldsdýpkun.	75%	0,5	0,4	0,3
	Tálknafjörður, viðhaldsdýpkun.	75%	5,0	4,0	3,0
	Hofsós, viðhaldsdýpkun.	75%	0,0	0,0	0,0
Búðardalur	Gamla bryggjan í Búðadal, endurbyggja kanttré o.fl.	60%	4,5	4,5	2,7
	Skarðstöð, lagfæra löndunaraðstöðu o.fl.	60%	3,2	3,2	1,9
Reykhólar	Dýpkun innsiglingar.	75%	16,6	13,3	10,0
Tálknafjörður	Endurnýjun á flotbryggjum.	60%	0,1	0,1	0,1
Ísafjörður	Þingeyri, rífa gömlu trébyggjuna o.fl.	60%	3,0	2,4	1,5
	Þingeyri, dýpkun í smábátahöfn.	75%	4,9	4,0	3,0
	Suðureyri, dýpkun innsiglingarrennu.	75%	0,3	0,2	0,2
	Suðureyri, endurbygging stálþils löndunarbyggju.	60%	0,9	0,7	0,4
	Flateyri, endurnýjun og lenging flotbryggju.	60%	12,9	10,3	6,2
Súðavíkurhreppur	Flotbryggja við Suðurgarð.	60%	0,1	0,1	0,1
	Endurbygging Suðurgarðs.	75%	3,5	2,8	2,1
Árneshreppur	Bátabryggja, steypit utan á bryggjuvegg.	60%	6,2	5,0	3,0
Strandabyggð	Hólmavík, endurbygging stálþils frá 1961.	60%	0,1	0,1	0,0
Skagafjörður	Hofsós, Norðurgarður, bryggjuveggur.	60%	2,1	1,7	1,0
Dalvíkurbyggð	Hauganes, lenging skjólgarðs.	75%	14,8	11,9	8,9
Hafnasamlag Norðurlands	Grenivík, uppsátur fyrir smábáta.	60%	0,1	0,1	0,0
Langanesbyggð	Bakkafjörður, námufrágangur.	60%	0,1	0,1	0,1

Fjarðabyggð	Mjóifjörður, styrkja og endurbyggja trébryggju.	60%	3,9	3,2	1,9
<b>Alls utan grunnnets</b>			<b>90,1</b>	<b>74,5</b>	<b>50,2</b>
<b>Alls fjárlagaliður 6.70:</b>			<b>1.726,2</b>	<b>1.405,4</b>	<b>938,1</b>
<b>6.72 Landeyjahöfn</b>	Landeyjarhöfn.	100%	231,6	231,6	231,6
<b>6.73 Tollaðstaðan Seyðisfirði</b>	Stækkun tollaðstöðu.	100%	85,7	68,9	68,9
<b>6.74 Lendingarbætur</b>		<b>Styrk.</b>	<b>Heild.</b>	<b>Styrkh.</b>	<b>Ríkis.</b>
	Lendingarbætur óskipt.	100%	0,1	0,1	0,1
	Skálanes, Seyðisfirði.	100%	1,2	1,0	1,0
	Papey, Djúpavogshreppi.	100%	0,4	0,3	0,3
<b>6.74 Lendingabætur alls</b>			<b>1,7</b>	<b>1,4</b>	<b>1,4</b>
<b>6.76 Ferjubryggjur</b>		<b>Styrk.</b>	<b>Heild.</b>	<b>Styrkh.</b>	<b>Ríkis.</b>
	Ferjubryggjur óskipt.	100%	0,0	0,0	0,0
	Skáleyjar ferjubryggja.	100%	0,0	0,0	0,0
	Staður ferjubryggja.	100%	4,7	4,7	4,7
	Vigur ferjubryggja.	100%	0,5	0,5	0,5
	Flatey ferjubryggja.	100%	24,9	24,9	24,9
	Reykjanes ferjubryggja.	100%	0,0	0,0	0,0
	Arngerðareyri ferjubryggja.	100%	0,4	0,4	0,4
	Æðey ferjubryggja.	100%	2,8	2,8	2,8
<b>6.76 Ferjubryggjur alls</b>			<b>33,2</b>	<b>33,2</b>	<b>33,2</b>
<b>6.81 Vestmannaeyja-ferja</b>	Vestmanneyjaferja.	100%	31,1	31,1	31,1
<b>III. Tjónaviðgerðir</b>		<b>Styrk.</b>	<b>Heild.</b>	<b>Styrkh.</b>	<b>Ríkis.</b>
Dalabyggð	Búðardalur, endurbygging hafnargarðs.	90%	3,5	3,5	3,2
Vesturbyggð	Brjánslækur, viðgerð flotbryggju.	75%	1,3	1,0	0,8
Hólmavík	Endurbygging grjótgarðs.	90%	6,3	5,1	4,6
<b>Tjónaverk alls</b>			<b>11,1</b>	<b>9,7</b>	<b>8,6</b>

**Tafla II. Kostnaður við sjóvarnir 2008 (fjárhæðir í millj. kr.)**

<b>Staður</b>	<b>Heildar- kostnaður</b>	<b>Ríkis- hluti</b>
Hvalfjarðarsveit	2,7	2,7
Akranes	10,1	8,7
Snæfellsbær	7,1	6,1
Stykkishólmur	0,1	0,1
Dalabyggð	6,0	5,2
Flatey á Breiðafirði	1,2	1,0
Vesturbyggð	1,4	1,1
Ísafjörður	0,8	0,6
Súðavík	0,1	0,1
Bæjarhreppur	1,2	1,0
Skagaströnd	12,0	10,4
Blönduós	0,2	0,1
Siglufjörður	0,2	0,1
Ólafsfjörður	6,4	5,5
Dalvíkurbyggð	5,7	4,8
Hjalteyri	0,1	0,1
Hrísey	0,6	0,4
Borgarfjörður eystri	6,4	5,6
Mýrdalur	2,6	1,8
Árborg	0,2	0,2
Grindavík	3,5	2,7
Reykjanesbær	0,2	0,1
Gerðahreppur	1,5	1,1
Álftanes	1,3	0,9
Seltjarnarneskaupstaður	0,0	0,0
Hafnarfjörður	31,5	31,5
Reykjavík	0,3	0,1
Óskipt	0,3	0,2
<b>Samtals</b>	<b>103,6</b>	<b>92,4</b>

**Tafla III. Staða ríkissjóðs vegna hafnagerðar 2008 (millj. kr.).**

fjárli.	höfn	Staða ríkissjóðs	Tilfærsla og úthlutun	Ríkislúti	Sérstök	flutt til
		í árslok	skv. samg.áætlun	framkvæmda	tilfærsla (1)	
		2007	2008	2008	v/353 mkr	2009
<b>6.70</b>	<b>Hafnabótasjóður</b>					
	Snæfellsbær	50,1	109,6	150,2		9,4
	Grundarfjörður	25,1	16,8	23,6		18,3
	Stykkishólmur	0,0	0,0	0,0		0,0
	Búðardalur	2,1	3,0	4,6		0,4
	Reykhólar	8,4	1,7	10,0		0,2
	Vesturbyggð	31,8	48,6	77,4		3,0
	Tálknafjörður	2,3	-0,3	0,1		1,9
	Bolungarvík	45,8	4,2	33,2		16,8
	Ísafjarðarbær	56,0	43,1	47,8		51,3
	Súðavík	-1,9	4,1	2,2		0,1
	Norðurfjörður	3,9	0,0	3,0		0,9
	Drangsnes	1,9	-1,9	0,0		0,0
	Hólmavík	-0,7	22,4	0,0		21,7
	Blönduós	0,0	0,0	0,0		0,0
	Húnaþing vestra	0,0	0,0	0,0		0,0
	Skagaströnd	14,7	0,0	0,2		14,5
	Skagafjörður	-0,1	64,7	25,0		39,7
	Fjallabyggð	28,7	31,5	52,8		7,5
	Dalvíkurbær	44,1	13,5	42,4		15,2
	Grímsey	36,7	3,9	26,0		14,6
	Hafnasamlag Norðurlands	58,7	4,3	21,4		41,6
	Norðurþing	28,5	96,9	55,0	-154,0	-83,5
	Langanesbyggð	22,3	52,2	69,3		5,3
	Vopnafjörður	-2,9	100,2	91,1		6,2
	Borgarfjörður	0,2	0,0	0,0		0,2
	Seyðisfjörður	2,0	19,0	2,3		18,7
	Fjarðabyggð	31,1	-21,0	6,3		3,8
	Breiðdalsvík	0,0	0,0	0,0		0,0
	Djúpivogur	5,0	-0,1	3,8		1,1
	Hornafjörður	34,6	19,2	38,6		15,1
	Vestmannaeyjar	25,7	41,7	24,6	-15,1	27,8
	Landeyjahöfn	147,4	110,2	231,5		26,1
	Landeyjahöfn flutt á fjárlagalið 6.72	0,0	-26,1	0,0		-26,1
	Þorlákshöfn	44,3	-20,3	24,2	-46,0	-46,2
	Grindavík	49,4	31,4	63,7	-170,2	-153,2
	Sandgerði	5,9	7,2	0,1		13,0
	Reykjanesbær	0,0	0,0	0,0		0,0
	Óskipt til viðhaldsdýpkana/skjólgarða	40,8	45,0	33,5		52,2
	Óskipt til slysavarna	41,5	14,9	5,7		50,8
	<b>samt. 6.70</b>	<b>883,4</b>	<b>839,7</b>	<b>1.169,7</b>	<b>-385,3</b>	<b>168,1</b>
	Framlag til B deildar Hafnarbótasjóðs	0,0	200,0	0,0		200,0
<b>6.72</b>	Landeyjahöfn	0,0	835,0	0,0		835,0
	Landeyjahöfn af fjárlagalið 6.70	0,0	26,1	0,0		26,1
<b>6.73</b>	Tollaðstaðan á Seyðisfirði	-0,2	82,3	68,9		13,2
<b>6.74</b>	Lendingabætur	5,9	8,8	1,4		13,3
<b>6.76</b>	Ferjubryggjur	19,4	23,4	33,2		9,6
<b>6.81</b>	Vestmannaeyjaferja	-6,2	103,8	31,1		66,5
	<b>Samtals:</b>	<b>902,3</b>	<b>2.119,1</b>	<b>1.304,3</b>	<b>-385,3</b>	<b>1.331,8</b>
	(1) skv bréfi fjármálaráðuneytis					

**Tafla IV. Fjárveitingar til hafnaframkvæmda 2008 (millj. kr.).**

6.70	Almennar hafnir	755,6
	Sérstök fjárveiting til dráttarbrautar í Vestmannaeyjum	200,0
6.72	Landeyjahöfn	945,2
6.73	Tollaðstaðan á Seyðisfirði	82,3
6.74	Lendingabætur	8,8
6.76	Ferjubryggjur	23,4
6.81	Vestmannaeyjaferja	103,8
	<b>Samtals</b>	<b>2.119,1</b>

**Tafla V. Fjárveitingar til sjóvarna 2008.**

Hvalfjarðarsveit	2.690.000
Snæfellsbær	11.590.000
Blönduós bær	15.625.000
Skagaströnd	12.105.000
Dalvíkurbyggð	12.210.000
Mýrdalur	930.000
Gerðahreppur	5.280.000
Njarðvík	4.550.000
Hafnarfjörður	25.450.000
Seltjarnarnes	7.560.000
Reykjavík	18.310.000
Óskipt	8.900.000
<b>Samtals</b>	<b>125.200.000</b>

**Tafla VI. Úthlutanir Hafnarbótasjóðs 2008.***Styrkir til nýframkvæmda*

<b>Staður</b>	<b>Upphæð</b>
Dalabyggð	1.000.000
Reykholahreppur	1.000.000
Vesturbyggð	24.000.000
Tálknafjörður	600.000
Bolungarvík	7.700.000
Súðavíkurhreppur	400.000
Árneshreppur / Norðurkjörður	700.000
Strandabyggð / Hólmavík	2.400.000
Húnaþing vestra / Hvammstangi	700.000
Fjallabyggð / Siglufjörður	6.300.000
Dalvíkurbyggð (ferjuaðstaða)	6.900.000
Grímseyjarhreppur	3.000.000
Norðurþing / Raufarhöfn	400.000
Langanesbyggð / Þórshöfn og Bakkafj.	13.500.000
Seyðisfjörður	4.900.000
Fjarðabyggð / Mjóifjörður	700.000
<b>Samtals kr.</b>	<b>74.200.000</b>

*Tjónastyrkir*

<b>Staður</b>	<b>Upphæð</b>
Strandabyggð / Hólmavík	6.000.000
Vesturbyggð / Brjánslækur	1.800.000
Dalabyggð / Búðardalur	900.000
<b>Samtals kr.</b>	<b>8.700.000</b>
<b>Styrkir alls kr:</b>	<b>82.900.000</b>

Lán  
Engin lán voru veitt á árinu.